



Sigurganga Fúsa Benedikt Erlingsson veitti í gærkvöld Degi Kára Péturssyni verðlaun Norðurlandaráðs fyrir kvikmyndina Fúsi. Benedikt hlaut sömu verðlaun í fyrra fyrir Hross í oss. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Skoða uppbyggingu á stjórnarráðsreitnum

Til skoðunar er innan forsætisráðuneytisins að koma fleiri ráðuneytum fyrir á stjórnarráðsreitnum. Staða húsnæðismála ráðuneytanna eru sögð nokkuð erfið.

SKIPULAGSMÁL Til skoðunar er innan forsætisráðuneytisins að dusta rykið af gömlum hugmyndum um að reisa nýbyggingar fyrir ráðuneytin á stjórnarráðsreitnum, sem afmarkast af Ingólfsstræti, Skúlagötu, Klapparstig og Lindargötu. Stefán Thors, nýskipaður húsameistari ríkisins, segir stöðuna í húsnæðismálum ráðuneytanna vera nokkuð erfiða enda séu þau oft dreifð og í mörgum byggingum. „Almennt er húsnæðisvandi í stjórnarráðinu sem þarf að taka á,“ segir Stefán.

„Það var á sínum tíma arkitektasamkeppni um skipulag fyrir þetta svæði. Einn möguleiki er að fara skoða þetta svölitið aftur og fara að safna ráðuneytinu saman dálítið betur á afmarkað svæði,“ bætir Stefán við.

Almennt er húsnæðisvandi í stjórnarráðinu sem þarf að taka á.

Stefán Thors
húsameistari ríkisins



Hugmyndasamkeppni fór fram árið 2002 um byggingu sem hýsa átta dóm- og kirkjumálaráðuneytið, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og umhverfisráðuneytið. Vinningstillagan, frá arkitektastofunni Franken Architekten GmbH, hljóðaði upp á fjögurra hæða 4.800

fermetra byggingu auk tveggja hæða bílakjallara við Sölvhólgötu 9-11. Auk ráðuneytanna var stefnt að því að þar yrðu fundarsalir og mótuneyti til sameiginlegra afnota ráðuneytanna og annarra stofnana á stjórnarráðsreitnum. Byggingin átti að vera fyrsta skrefið í að koma öllum ráðuneytum landsins á stjórnarráðsreitinn. Utanríkisráðuneytið, velferðarráðuneytið og forsætisráðuneytið eru einu ráðuneytin sem ekki eru á reitnum.

Stefán segir eina hugmyndina vera um að reisa nýbyggingu á milli gamla dómshúss Hæstaréttar Íslands við Lindargötu og íþróttahúss Jóns Þorsteinssonar, þar sem Þjóðleikhúsið er nú með leiksviðin Kassann og Kúluna. „Og svo aftur önnur hús sitt hvorum megin við Sölvhólgötuna,“ segir Stefán. – *th / sjá Markaðinn*

Lögregla telur sig á slóð höfuðpauranna

LÖGREGLUMÁL Fíkniefnin sem lögregla lagði hald á þann 22. september síðastliðinn í Norrænu voru 19,5 kíló af amfetamíni og 3,5 kíló af kókaíni. Gæsluvarðhald yfir tveimur Hollendingum og tveimur Íslendingum hefur verið framlengt um tvær vikur.

„Rannsókn gengur vel. Við teljum okkur vera tiltölulega ofarlega,“ segir Aldis B. Hilmarsdóttir, aðstoðaryfirlög-regluþjónn

Rannsókn gengur vel. Við teljum okkur vera tiltölulega ofarlega,

Aldis B. Hilmarsdóttir
aðstoðaryfirlög-regluþjónn



uðborgarsvæðinu, aðspurð hvort lögregla hafi náð höfuðpaurum í þessu umfangsmikla smyglmáli.

Fíkniefnin fundust í bifreið sem kom með Norrænu en þetta er annað stóra fíkniefnamálið sem tengist ferjunni á árinu. Aldis segir lögreglu ekki hafa upplýsingar um hvort fíkniefnin hafi átt að fara lengra en til Íslands. Málið er mjög stórt á íslenskan mælikvarða. – *ngy, snæ*

Fréttablaðið í dag

MARKAÐURINN

Eftir nokkur **mögur ár** að baki horfir Svava Johansen, eigandi NTC, björtum augum fram á veginn.




SKOÐUN Lýður Árnason skrifar um hlutverk Þjóðarsjúkrahúss. **11**

SPORT Sex leikmenn eru í 100 leikja klúbb landsliðskvænna. **12**

LÍFIÐ Ungar kvikmyndagerðarkonur óvænt komnar áfram í fimm liða undanúrslit kvikmyndarísans Lionsgate. **22**

PLÚS SÉRBLAÐ • FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



Kemur út
1. nóvember

PEANINA Eymundsson



EINSTAKT
OPNUNARTILBOÐ



3 RÉTTA
KVÖLDVERÐUR

2 GLÖS
AF LÉTTVÍNI

6.990 KR.

BORG RESTAURANT

PÓSTHÚSSTRÆTI 11 - 101 REYKJAVÍK

S: 578 2020

BORGRESTAURANT.IS

Veður



Austan og suðaustan 10-18 m/s í dag og snarpar vindhviður við fjöll syðst eins og til dæmis í Örfelum og undir Eyjafjöllum. Viða rigning, en þurr að mestu á Norður- og Norðausturlandi. Hiti 5 til 12 stig. **SJÁ SIÐU 16**

Barnið enn á spítala

LÖGREGLUMÁL Íslenskur karlmaður var úrskurðaður í fjögurra vikna gæsluvarðhald á mánudag, grundaður um að hafa misþyrmt tveggja ára barni alvarlega. Barnið og móðir þess eru einnig íslensk.

Það var Aftenbladet, norskur miðill í Stavanger, sem fyrst greindi frá málinu. Samkvæmt miðlinum var barnið í umsjá mannsins á meðan móðir þess var í vinnu. Barnið er handleggsbrotið og hefur alvarlega áverka á höfði og mar víðsvegar um líkamann.

„Við höfum engar upplýsingar um að sá grunaði hafi verið undir áhrifum lyfja eða áfengis þegar verknaðurinn átti sér stað,“ segir Unni Byberg Malmin hjá lögreglunni í Stavanger. Hún segir lögreglu þó hafa tekið blóðsýni úr manningnum. Hún býst við niðurstöðu þeirra fyrir vikulok.

„Barnið er enn á spítala en líður vel miðað við aðstæður. Hann er ekki alvarlega slasaður,“ segir Unni.

Íslenski maðurinn er 23 ára gamall og með norskan lögfræðing. Hann hlaut fangelsisdóm á Íslandi árið 2012 fyrir hrottalega líkamsárás í félagi með átta öðrum karlmönnum, vopnaðir hafnaboltakylfum, golfkylfum og sleggjum. Sama ár var hann dæmdur í 15 mánaða fangelsi fyrir frelsisviptingu.

„Við höfum enga beina aðkomu að þessu, þetta er í höndum barnaverndaryfirvalda og lögreglu úti,“ segir Urður Gunnarsdóttir, fjölmiðlafulltrúi utanríkisráðuneytisins. Ráðuneytið hefur aðstoðað aðstandendur mannsins og barnsins við að fá upplýsingar um það á síðustu dögum. – **snæ**

Við höfum enga beina aðkomu að þessu, þetta er í höndum barnaverndaryfirvalda og lögreglu úti.

Urður Gunnarsdóttir
fjölmiðlafulltrúi utanríkisráðuneytisins

Leiðtogar stilla saman strengi



Létt stemning. Það lá vel á leiðtogum Norðurlandanna, þeim Stefan Lögven, forsætisráðherra Svíþjóðar, Ernu Solber, forsætisráðherra Noregs, Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, forsætisráðherra Íslands, og Knud Kristansen, öðrum varaforsætisráðherra Grænlands, við setningu leiðtogafundar Norðurlandaráðs í Hörpu í gær. Í dag verða greidd atkvæði um hvort vinna eigi áfram með hugmyndina um norrænt sambandsríki. **FRÉTTABLAÐIÐ/GVA**

Talibanar aðstoða við björgun

NÁTTÚRUHAMFARIR Íslenska alþjóðabjörgunarsveitin hefur verið tekin úr viðbúnaðarstigi. Ástæða þess er að engin beiðni um aðstoð hefur borist frá Afganistan og Pakistan vegna jarðskjálftans sem reið yfir ríkin á mánudag.

Ríkisstjórn Íslands hafði áður beðið um að sveitin yrði sett í viðbragðsstöðu ef neyðarkallið skyldi berast.

Meira en 360 manns hafa týnt lífi og fleiri en 2.000 slasast. Vígaseitir talibana stjórna stórum svæðum þar sem jarðskjálftinn reið yfir en talsmaður talibanahreyfingarinnar biðlar til hjálparstaka að halda ekki aftur af hjálpargögnum. Enn fremur hafa talibanar fyrirskipað hersveitum sínum að hjálpa til við björgunaraðgerðir. – **srs**

Gera fyrirvara vegna jöfnunar lífeyrisréttinda

Aðilar á opinberum og almennum vinnumarkaði undirrituðu í gær samkomulag um breytt vinnulag við gerð kjarasamninga. BHM og KÍ undirrita ekki vegna jöfnunar lífeyrisréttinda. Samkomulagið nær til um 70 prósent launþega.

KJARAMÁL Heildarsamtök atvinnurekenda og launþegahreyfinga á almennum og opinberum markaði undirrituðu í gær samkomulag um breytt vinnulag við gerð kjarasamninga. Samkomulagið nær til 70 prósent launþega og þykir tímamótakref í kjaramálum.

Samkomulagið er afrakstur svokallaðs SALEK-hóps en markmið hans er að stuðla að stöðugri kaupmáttaraukningu sem byggist á lágrri verðbólgu, stöðugu gengi krónunnar og lágum vöxtum.

Samtökin sem undirrituðu samkomulagið voru Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Samtök atvinnulífsins, Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg og Samninganefnd ríkisins.

Meðal annars felur samkomulagið í sér að stofnað verður Þjóðhagsráð sem hefur það hlutverk að ræða helstu viðfangsefni hagstjórnar á borð við stöðu ríkisfjármála, peningastefnu og vinnumarkað. Þá verður mörkuð sameiginleg launastefna til ársins 2018 sem meðal annars felur í sér jöfn lífeyrisréttindi opinbers og almenns vinnumarkaðar.

Kennarasamband Íslands hefur ákveðið að undirrita ekki samkomulagið fyrr en komið hefur verið til móts við athugasemdir sambandsins.

„Eins og málið er sett upp, í textanum sem fyrir liggur, þurfa opinberir starfsmenn að bera kostnað af því að halda óbreyttum lífeyrisrétt-



Heildarsamtök atvinnurekenda og launþegahreyfinga undirrituðu samkomulag um breytt vinnulag við gerð kjarasamninga í löðó í gær. **FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR**

Það sem strandaði á núna eins og í haust var tengingin við lífeyris-málin.

Þórunn Sveinbjarnardóttir
formaður BHM



indum með lægri launasetningu en ella og/eda með skertri launaskriðs-tryggingu,“ segir í athugasemdum KÍ.

Enn fremur hefur Bandalag háskólanna gert fyrirvara við samkomulagið og undirrita ekki. „Það sem strandaði á núna eins og í haust var tengingin við lífeyris-málin,“ segir Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM. „Til stendur að jafna lífeyrisréttindi almennra og opinberra starfsmanna. Við erum tilbúin að samþykkja það en ekki tilbúin að borga fyrir þá breytingu í skammtíamarkumlagi við SALEK-borðið.“ **stefanrafn@frettabladid.is, thorhildur@365.is**

STÖKKTU

Frá kr. **69.900** m/morgunmat

Stökktu á morgun

Róm

29. október í 4 nætur

Netverð á mann frá kr. 69.900 m.v. 2 í herbergi.

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000
www.heimsferdir.is

Heimsferðir



1975 | Bílabúð Benna | 2015

CHEVROLET



SPARK LT


1.990.000 KR.

AÐEINS 10% ÚTBORGUN: 199.000 KR.



SAMANBURÐURINN SEGIR ALLT!

VINSÆLASTUR Á ÍSLANDI!



Spark hefur verið mest seldi bíll síðustu ára í sínum stærðarflokki á Íslandi. Spark er með flottan staðalbúnað og jafnframt á ótrúlega hagstæðu verði. Þess vegna hvetjum við þig til að gera samanburð á verði og búnaði bíla í sama flokki og fá meira fyrir peninginn.

Bílaöryggisstofnun Bandaríkjanna kynnti nýlega niðurstöður sínar úr árekstraprófun smábíla fyrir árið 2015. Spark stóðst hámarks öryggiskröfurstofnunarinnar „Top Safety Pick“ annað árið í röð.

Staðalbúnaður í Spark LT

- 1,2 l bensín vél - 82 hö
- 14" álfelgur
- Bluetooth símabúnaður
- Aksturstölva
- Aðgerðastýri
- Skynvædd girskiptingabeiðni
- Hiti í sætum
- Hiti í speglum
- Rafstýrðir hliðarspeglar
- Loftkæling (A/C)
- Útvarp, CD, iPod og USB tengi
- 4 hátalarar
- ESC stöðugleikakerfi
- ABS hemlar
- 6 loftþúðar (gardínur)
- Styrktarbiti í hurðum
- Diskabremsur að framan
- Bremsuljós við afturglugga
- Barnalæsing í afturhurðum
- Öryggisvari á bílbeltum í aftursætum
- ISOFIX öryggisfestingar
- 3 punkta öryggisbelti fyrir 5
- Langbogar á þaki
- Hæðastilling á framljósum
- Útihitamælir
- Frjókornasía
- Klukka
- Margspegla póluð aðalljós
- Glasa- og flöskuhaldari milli framsæta
- Flöskuhaldari í framhurð
- Bílstjórásæti hæðastillanlegt
- Aftursæti fellanleg 60/40
- Samlitur á speglum/hurðahúnum
- Veltistýri
- Krómgrill
- Ljósastarar
- Vindskeið að aftan
- Fjarstýrðar samlæsingar
- Rafmagn í afturrúðu

Nánari upplýsingar á benni.is. Verið velkomin í reynsluakstur.

Opið alla virka daga frá 9 til 18
Laugardaga frá 12 til 16 í Reykjavík.

Langur laugardagur í Reykjanesbæ, 31. október, opið frá 10 til 16.

Reykjavík
Tangarhöfða 8
Sími: 590 2000

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Akureyri
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636

**Bílabúð
Benna**

Bein leið í 40 ár

Formaður SFR telur kjaraviðræður vera á lokametrunum

KJARAMÁL „Það er unnið hér höndum höndum, jafnvel að ná þessu í nótt,“ sagði Árni Stefán Jónsson, formaður SFR, þegar Fréttablaðið náði tali af honum klukkan níu í gærkvöldi. SFR og Sjúkraliðafélagið funduðu hjá Ríkissáttasemjara til klukkan þrjú aðfaranótt þriðjudegs og svo hófust fundahöld aftur árdegis í gær.

„Við reyndum við þetta í fyrrinótt en það gekk ekki. Þessi mál sem við stoppuðum á í nótt hafa smátt og smátt verið að leysast. Það er verið

að reyna að keyra á þetta hvort sem það verður í nótt eða undir morgun.“ Aðspurður segist Árni vera bjartsýnni en áður og telur kjaraviðræður vera á lokametrunum.

Takist ekki að koma á samningi á næstunni tekur næsta hrina allsherjarverkfalls við á morgun og boðað hefur verið til ótímabundins verkfalls 19. næsta mánaðar. Því munu launagreiðslur til þeirra ríkisstarfsmanna sem fá fyrirframgreidd laun skerðast um næstu mánaðamót.

Lára G. Hansdóttir, forstöðumaður launasviðs Fjársýslu ríkisins, segir þetta þó engu breyta um launagreiðslur til þeirra sem starfi samkvæmt undanþágulistum. Fyrir þá daga sé greitt eftir á, og þá um mánaðamót.

Náist hins vegar samningar segir Lára ekki beðið til mánaðamóta með launagreiðslur, heldur séu greidd út laun jafnskjótt og búið er að reikna þau út. Það geti tekið tvo til þrjú daga frá lokum verkfalls. – óka/srs



Flöggum veifað á samstöðufundi SFR, sjúkraliða og lögreglumanna vegna verkfalls þeirra og kjaraviðræðna við ríkið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Færeyingar halda áfram að selja Rússum fisk

UTANRÍKISMÁL Færeyingar styðja ekki viðskiptapvinganir gegn Rússum. Þetta kom fram í máli Aksels Johannessen, lögmanns Færeyja, á fyrsta fundi 67. þings Norðurlandaráðs í Hörpu í gær. Á fundinum var rætt um hvernig efla meg samstarf norrænna ríkja og Eystrasaltsríkjanna enn frekar. Einnig var rætt hvernig ríkin geta sameinast í afstöðu sinni til alþjóðastjórn mála. „Og á meðan við erum ekki beitt refsiaðgerðum þá höldum við að sjálfsögðu áfram að flytja út fisk til Rússlands,“ hélt lögmaðurinn áfram.

Staðan í Rússlandi var fundargestum greinilega mjög hugleikin. Juha Sipilä, forsætisráðherra Finnlands, var spurður að því hvernig þeir upplifðu innrás Rússa á Krím-skaga í ljósi þess að landamæri Rússlands og Finnlands liggja saman á löngum kafla. Þá var hann spurður að því hvort átökin væru ekki sérlega óþægileg fyrir Finna í ljósi þess að þjóðin er ekki aðili að Atlantshafsbandalaginu. „Þessi hernaðarumsvif komu ekki á óvart. Þau eru ekki ógn við okkur vegna þess að við erum hluti af norrænu fjölskyldunni og ESB,“ sagði Sipilä. Hann sagði að Finnar teldu sér best borgið utan Atlantshafsbandalagsins og benti á að Sviar stæðu þar einnig fyrir utan.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, forsætisráðherra Íslands, sagði að öryggismál í hefðbundnum skilningi hefðu hingað til verið á könnu utanríkis- og varnarmálaráðherra. Hins vegar hafi atburðir gerst sem leiði til þess að fjalla þurfi um öryggismál á annan hátt en áður. „Við þurfum að fylgjast með tilraunum til öfgahyggju á Norður-

● ● **Við þurfum að fylgjast með tilraunum til öfgahyggju á Norðurlöndum og undanföllum hennar.**

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra



● ● **Þessi hernaðarumsvif komu ekki á óvart. Þau eru ekki ógn við okkur vegna þess að við erum hluti af norrænu fjölskyldunni og ESB.**

Juha Sipilä forsætisráðherra Finnlands



löndum og undanföllum hennar,“ sagði Sigmundur Davíð. Þá benti hann á að fylgjast þyrfti vel með hryðjuverkum á netinu. Og vera vel vakandi gagnvart hættunni sem kæmi innan frá úr samfélögum okkar. Þar væri norræn samvinna mikilvæg.

Á fundinum var Guðbjarts Hannessonar, alþingismanns og varaforseta Norðurlandaráðs, minnst með einnar mínútu þögn. Höskuldur Þórhallsson, forseti Norðurlandaráðs, minnti á að Guðbjartur hefði verið stúdent í Danmörku og lagt áherslu á samstarf milli Norðurlandanna. – jhh

Í frétt Fréttablaðsins í gær um vanrækslu barna á Íslandi kom fram að sextíu prósent mála á borði Barnaverndar séu ekki rannsökuð. Það er ekki rétt, fjórutíu prósent mála eru ekki rannsökuð og í væntanlegri ársskýrslu Barnaverndarstofu fyrir árið 2014 mun koma fram að málefni 68,3% þeirra barna sem tilkynnt er um vegna vanrækslu eru í vinnslu.



Agnes M. Sigurðardóttir tók á árinu 2012 við sem biskup þjóðkirkjunnar sem nú vill snúa við þeirri þróun að meðlimum hennar fækkar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

150 milljónir til að laða fleiri að þjóðkirkjunni

Starfshópur innan þjóðkirkjunnar leggur til að 150 milljónir króna fari til þess að auka nýliðun í kirkjunni. Meðlimum fækkaði um átta þúsund á áratug.

TRÚFÉLÖG „Boðun og predikun kirkjunnar nær ekki til almennings með nægilega áhrifamiklum hætti, þegar hún er orðin hornreka hjá RÚV og lítt áberandi á öðrum fjölmiðlum og á mannamótum öðrum en kirkjulegum athöfnum og messum,“ segir í skýrslu starfshóps sem lögð var fyrir Kirkjubing þjóðkirkjunnar um helgina.

Ákveðið var á Kirkjubing 2014 að skipa þriggja manna starfshóp sem myndi gera tillögur um það hvernig meg fjölga meðlimum í þjóðkirkjunni.

Skýrsla starfshópsins var lögð fram á Kirkjubing um helgina. Í henni er bent á að þjóðkirkjufólki hafi fækkað um átta þúsund á einum áratug. Samkvæmt nýlegum tölum Hagstofunnar teljast nú 73,6 prósent þjóðarinnar til þjóðkirkjunnar miðað við 84,6 prósent á árinu 2005.

Starfshópurinn vitnar til greinar Rúnars Vilhjálmssonar prófessors sem telji kirkjuna ekki hafa „fundió svör við nútímavæðingunni“ og kirkja sé nú „hjásett“ sem stofnun.

„Aukin veraldarhyggja, skynsemishyggja og visindahyggja hafi meðal annars leitt til hnignunar hefða og aukinnar áherslu á einstaklingsbundin réttindi og valfrelsi í stað samfylgdar á trúarlegum forsendum. Saman hafi þróunin gengið í átt til jadarsetningar hins trúarlega ásamt hnignun kennivalds kirkjunnar og uppflosum

trúarlegra hefða,“ vitnar starfshópurinn til greiningar Rúnars.

Áfram er vísað til prófessorsins sem kveður marga finna að því að kirkjan veiti ekki svör við siðferðilegum og félagslegum vandamálum. „Siðferðileg afstæðishyggja“ sé ríkjandi meðal almennings og það fari eftir aðstæðum hvað teljist rétt og rangt:

„Eftir aldamót hafa svo skotið upp kollinum félög sem leggja beinlínis gegn þjóðkirkjunni og kristinni trú. Slík félög hafa verið áberandi á seinni árum og rödd þeirra verið hávær, bæði í gegnum fjölmiðla sem og fótgöngulíða sem fara um og hvetja til úrsagnar úr þjóðkirkjunni – og ganga með þar til gerð eyðublöð á sér – á sama tíma og hvatt er til skráningar í þeirra eigin félög.“

Að sögn starfshópsins miðast tillögur hans við að draga úr fækkun sóknarbarna og stuðla að nýliðun innan þjóðkirkjunnar. Þrjú meginstef tillagnanna eru í fyrsta lagi auknið fjármagn og aukin áhersla á fræðslu og fjölmiðlun, í öðru lagi notkun félagatals þjóðkirkjunnar í sóknarnefndum og stuðningur við starfsfólk og í þriðja lagi efling æskulýðsfélaga og áhugamanna sem þátttakenda í umræðunni „Þjóðkirkjan kaupir aðgang að þjóðskrá fyrir 150 prestsembætti. Þar er hægt að komast að því hverjir eru í þjóðkirkjunni eftir kennitölum og kemur þá upp ef börn innan

● ● **Verði ekki brugðist við er líklegt að þróun til fækkunar í þjóðkirkjunni haldi áfram næsta áratug og sígi niður undir 60 prósent af mannföldanum eins og virðist stefna í viðast hvar annars staðar á Norðurlöndum.**

Starfshópur um fjölgun meðlima þjóðkirkjunnar

● ● **Þjóðkirkjan hefur ekki megnað að brjótast í gegn um almennt skýringarleysi til þess að kenna þjóðinni í heild um fagnaðarerið, jätningar og náðarmeðul.**

Starfshópur um fjölgun meðlima þjóðkirkjunnar

18 ára tengjast viðkomandi kennitölum,“ bendir starfshópurinn á.

„Gera þarf áætlun til fimm ára um eflingu fræðslu-, kynningar- og fjölmiðlastarfs þjóðkirkjunnar og verja til þess að minnsta kosti 30 milljónum króna árlega til viðbótar þeim fjármunum sem varið er í þessa þætti á fjarhagsáætlun fyrir árið 2015,“ segir starfshópurinn um fjarhagslega hlið málsins. gar@frettabladid.is

Ein vinsælasta ballettsýning allra tíma

Svanavatnið



Eldborg

14. nóvember

kl. 15:00 & 19:30

15. nóvember

kl. 15:00 & 19:30

Börn 12 ára og yngri fá 50% afslátt af miðaverði í miðasölu Hörpu

Miðasala í síma 528 5050, á tix.is og harpa.is

harpa.is/svanavatnid ICELANDAIR Arion banki CENTER HOTELS



Innovation
that excites

NISSAN PULSAR EINN BEST ÚTBÚNI BÍLLINN Í SÍNUM FLOKKI



VETRARDEKK FYLGJA ÖLLUM
NÝJUM NISSAN PULSAR Í
TAKMARKAÐAN TÍMA

NISSAN PULSAR
VISIA DÍSIL / EYÐSLA 3,6 L/100 KM*
3.290.000 KR.

STAÐALBÚNAÐUR Í NISSAN PULSAR ACENTA ER MEÐAL ANNARS:

LED dagljósabúnaður, NissanConnect upplýsingakerfi með 7" snertiskjá, íslensku leiðsögukerfi og samþættingu við snjallsíma fyrir Facebook og Google leit, Bluetooth handfrjáls síma- og hljómtækjabúnaður, leðurklætt stýri með aðgerðahnöppum, bakkmyndavél, aðalljós með birtuskynjun, upplýsingatölva með 5" litaskjá, sjálfvirkur regnskynjari á rúðupurrkum, tvískipt sjálfvirk loftkæling, 16" álfelgur, lykillaust aðgengi og ræsing.

REKSTRARLEIGA Á SÉRKJÖRUM

Þjódum nokkra bíla á lækkuðum rekstrarleigukjörum.
Innifalin í leigu eru tryggingar, dekk
og reglubundið þjónustuefirlit.

Leitið nánari upplýsinga hjá sölumönnum Nissan.

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080


BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Tíminn minn DAGBÓKIN

- KOMIN Í VERSLANIR



bokafelagid.is

BÓKAFÉLAGIÐ

Logandi ólga á Vesturbakkanum



Palestínskur drengur rúllar logandi hjólbarða í átt að ísraelskum öryggisveitum í borginni Hebron á Vesturbakkanum. Mikil ólga er í Ísrael og Palestínu vegna ítrekaðra stunguárása í Ísrael og vegna harkalegra lög-regluáðgerða öryggisveita Ísraelsmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

GILDIR TIL 30. OKTÓBER

NIKE ECCO LYDOS asics

Skósprengrja

**15-40%
AFSLÁTTUR**

Suðurlandsbraut 34 / S. 517 3900 / flexor.is

FLEXOR
NÆSTA SKREF

Skrifstofur sem sinna sömu verkefnum

Verkefni skrifstofu í forsætisráðuneytinu eru keimlík verkefnum skrifstofu í fjármálaráðuneytinu.

STJÓRNSÝSLA Ný skrifstofa þjóðhagsmála sem staðsett er í forsætisráðuneytinu, sinnir mjög svipuðu verkefni og skrifstofa efnahagsmála í fjármálaráðuneytinu. Guðrún Þorleifsdóttir, skrifstofustjóri efnahagsmála og fjármálamarkaðar í fjármálaráðuneytinu, sagði orðalagð um þessar skrifstofur nokkuð líkt en getur ekki með vissu sagt að þær vinni sömu vinnuna.

Breytingar á skipulagi forsætisráðuneytisins sem kynntar voru þann 20. október hafa í för með sér að skrifstofa þjóðhagsmála greini stöðu og þróun efnahagsmála innanlands og utan. Um störf skrifstofunnar segir að hlutverk hennar verði „að greina stöðu og þróun efnahagsmála innanlands og utan, meta horfur í efnahagsmálum og móta tillögur í málaflokknum fyrir forsætisráðherra og ríkisstjórn á hverjum tíma.“ Einnig að skrifstofan hafi umsjón með ráðherranefndum um efnahagsmál og ríkisfjármál. Á sama tíma er starfandi skrifstofa efnahagsmála og fjármálamarkaðar í fjármálaráðuneytinu. Skrifstofan „hefur umsjón með undirbúningi og eftirfylgni með efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, mótun löggjafar um fjármálaþjónustu, samhæfingu opinberrar hagstjórnar og kynningu á efnahags- og fjármálamarkaðsmálum innanlands og utan. Í því skyni annast skrifstofan mat á þróun og horfum í efnahagsmálum og samskipti við Hagstofu Íslands um gerð þjóðhagsspár.“

Gert er ráð fyrir að skrifstofustjóri verði skipaður á næstu mánuðum en engin áform eru á þessu stigi um ráðningu annarra starfsmanna.

Sigurður Már Jónsson upplýsinga- fulltrúi forsætisráðuneytisins



Fjármálaráðuneytið fer með þessi mál með forsetaúrskurði. Sigurður Már Jónsson, upplýsingafulltrúi forsætisráðuneytisins, segir engan tvíverknad eiga sér stað. „Skrifstofa þjóðhagsmála mun starfa í samvinnu við fjármála- og efnahagsráðuneytið sem ber meginábyrgð á málum er lúta að efnahagsmálum, ríkisfjármálum og fjármálamarkaði, samkvæmt forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta. Áhersla skrifstofu þjóðhagsmála mun verða á lögbundnar ráðherranefndir um efnahagsmál og ríkisfjármál sem starfa undir forystu forsætisráðherra, væntanlegt þjóðhagsráð og almenna efnahagsráðgjöf til forsætisráðherra og ríkisstjórnar á hverjum tíma.“ segir Sigurður Már. „Gert er ráð fyrir að skrifstofustjóri verði skipaður á næstu mánuðum en engin áform eru á þessu stigi um ráðningu annarra starfsmanna.“



svainn@frettabladid.is

Fimm rétta
DIWALI
hátíðarmatseðill

5.990 kr.
6.990 kr. (fös.-lau.)

❁ **FORRÉTTUR** ❁

Hariyali lax

Maríneraður lax í úrvals kryddblöndu og grillaður í tandoori-ofni

❁ **AÐALRÉTTIR** ❁

Gosht Raulkilla

Safaríkt lambakjöt, marínerað í kewra-vatni, tómatauki, chillí og garam masala og grillað í tandoori-ofni

og

Peshwari Murgh

Kjúklingur eldaður í ríkulegri rjómalagaðri sósu með kasjúhnetum, kóríander, kúmmín, engiferi, hvítlauk og chillí

og

Aloo Tilwalle

Rautt kartöflumælki hægeldað í ljúfri kryddblöndu og sesam fræjum

❁ **MEDLÆTI** ❁

Raitha

Heimalöguð jógúrtsósa með gúrkum og kryddblöndu

Basmati-hrísgrjón

Naan-hvítlauksbrauð

❁ **EFTIRRÉTTUR** ❁

Kulfi

Indverskur ís með pistasíum og saffran

DIWALI – HÁTÍÐ LJÓSSINS

Indverjum duga ekki færri en fimm dagar til að halda upp á hátíð ljóssins, Diwali, sem nú á hug þeirra og hjörtu. Við hjá Austur-Indíafjelaginu viljum færa örlitla birtu inn í byrjun vetrar og bjóðum því upp á sérstakan fimm rétta Diwali-hátíðarmatseðil frá og með 15. október til 15. nóvember á afar góðu verði: 5.990 kr. virka daga og 6.990 kr. á föstudögum og laugardögum.

Borðapantanir í síma 552 1630.

*Chandrika Gunnarsson
hjá Austur-Indíafjelaginu
býður gesti velkomna
á Diwali, hátíð ljóssins.*

AUSTUR-INDÍAFJELAGIÐ

INDIAN RESTAURANT

www.austurindia.is

Skiptar skoðanir á framtaki Íslendinga

Sendiherrar Palestínu og Ísraels hafa báðir verið í heimsókn á Íslandi undanfarna daga. Palestínumaðurinn Mufeed Shami fagnar upplýstri umræðu um málefni Palestínu hér á landi, en Ísraelinn Raphael Schutz kvartar undan fordómum og hatursherferð í garð Ísraels.

Kann að meta hugrekki Íslendinga

„Þetta er auðvitað ákvörðun sem er tekin á Íslandi af höfuðborg landsins. Við skiptum okkur ekkert af innanlandsstjórn málum hér, jafnvel þegar þau snerta okkur beint,“ segir Mufaz Shami, sendiherra Palestínu gagnvart Íslandi. Hann var staddur hér á landi í síðustu viku og var þá spurður út í hið endasleppa kaupbann Reykjavíkurborgar gagnvart Ísrael.

„Hins vegar hafa öll samskipti okkar við Ísland skipt okkur miklu máli. Við kunnum virkilega að meta að Ísland hafi orðið fyrst Norðurlandanna til þess að viðurkenna Palestínu sem fullgilt ríki með landamærin frá 4. júní 1967.“

Shami fagnar því sérstaklega að íslenska þjóðin sé mjög vel upplýst um alþjóðamál: „Hún horfir ekki á aðra hliðina heldur á báðar hliðarnar. Hún þekkir ísraelsku útgáfuna af þessari sögu og hún þekkir palestínsku útgáfuna, og er fær um að leggja sitt eigið mat á þetta.“

Hann segir Ísland hafa sýnt hugrekki með því að taka þetta skref þótt önnur lönd hafi verið hrædd við það: „Ísland reið á vaðið og Sviþjóð fylgdi í kjölfarið. Svo breyttu hin Norðurlöndin stöðu sendifulltrúa Palestínu í stöðu sendiherra með öll þau réttindi sem slíkri stöðu fylgja, sömu réttindi og fylgja sendiráðum annarra ríkja,“ segir Shami. „Þegar Ísland tók ákvörðun að gripa inn í og líta á átökin milli Ísraels og Palestínu þá hafði Ísland engra pólitískra eða efnahagslegra hagsmuna að gæta gagnvart hvorki Palestínu né Ísrael. En þetta skref er í raun og veru skref í áttina að friði og að tveggja ríkja lausninni. Þannig að við erum eindregið þeirrar skoðunar að ef friður kemst á þá gerist það vegna Norðurlandanna. Þau komu Palestínu aftur á kortið.“



FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Við erum eindregið þeirrar skoðunar að ef friður kemst á þá gerist það vegna Norðurlandanna. Þau komu Palestínu aftur á kortið.

Mufeed Shami sendiherra Palestínu

Ábyrgðarleysi sem vekur áhyggjur



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Öllu þessu ætti að útrýma úr orðabók umræðunnar ef við viljum taka af einhverri alvöru þátt í uppbyggilegum samræðum.

Raphael Schutz sendiherra Ísraels

„Það kemur varla á óvart að ég telji báðar þessar ákvarðanir hafa verið mjög neikvæðar,“ segir Raphael Schutz, sendiherra Ísraels, gagnvart Íslandi. „En ég er ánægður með að ákvörðun Reykjavíkurborgar hafi verið afturkölluð.“

Hann á þarna við ályktun á landsfundi Vinstri grænna um helgina um að slíta eigi stjórn mála-sambandi við Ísrael og ákvörðun borgarstjórnar Reykjavíkur, sem fljótlega var afturkölluð, um að setja kaupbann á vörur frá Ísrael.

Hann er í stuttri heimsókn hér á landi og átti á mánudag fundi með bæði Degi B. Eggertssyni borgarstjóra og Katrínu Jakobsdóttur, formanni Vinstri grænna, þar sem hann segist hafa rætt ítarlega þessar tvær ákvarðanir auk þess sem hann hafi upplýst þau um afstöðu Ísraelsstjórnar, bæði gagnvart Mið-Austurlöndum almennt og gagnvart Palestínu sérstaklega.

„Ég tel almennt séð að fólk eigi að sýna af sér ábyrgð,“ segir hann, „og þá meina ég að fólk eigi að þekkja staðreyndirnar og gæta ábyrgðar í orðavali. Því miður tel ég að í báðum þessum tilvikum hafi fólk sýnt af sér gróft ábyrgðarleysi í þessum tveimur ákvörðunum. Þetta ábyrgðarleysi vekur auðvitað áhyggjur og vonbrigði.“

„Við skulum hafa það skýrt að ég tel að vissulega geti gagnrýni á Ísrael átt rétt á sér,“ segir Schutz. „Það sem ég get ekki sætt mig við er að farið sé yfir rauðu strikin, þegar notast er við lygar eins og þjóðarmorð, aðskilnaðarstefnu, þjóð-ernishreinsanir og nýlenduríki. Öllu þessu ætti að útrýma úr orðabók umræðunnar ef við viljum taka af einhverri alvöru þátt í uppbyggilegum samræðum. Annars teljum við þetta vera hatursherferð gegn Ísrael.“ gudsteinn@frettabladid.is

Möguleg lokun Vínbúðanna vegna verkfalls SFR

Vegna fyrirhugaðra verkfallsaðgerða SFR biðjum við viðskiptavini okkar að hafa í huga að komið gæti til lokunar Vínbúðanna fimmtudaginn 29. október, föstudaginn 30. október, mánudaginn 2. nóvember og þriðjudaginn 3. nóvember.

Laugardaginn 31. október verður opið í öllum Vínbúðum.

Allar nánari upplýsingar um opnunartíma á vinbudin.is

vinbudin.is

VÍNBUÐIN

ÖLL ÞESSI VERÐLAUN, VIÐ BARA ROÐNUM

DANMÖRK: BÍLL ÁRSINS 2015 SPÁNN: BÍLL ÁRSINS 2015 FINNLAND: BÍLL ÁRSINS 2015
BRETLAND: HATCHBACK OF THE YEAR – BBC TOP GEAR / BEST CROSSOVER – AUTO EXPRESS AWARDS / SMALL HATCHBACK OF THE YEAR / DESIGN OF THE YEAR – 2014 FLEET WORLD HONOURS / GEAR OF THE YEAR – WIRED MAGAZINE / BEST CROSSOVER 2014 – NEXT GREEN CAR AWARDS
FRAKKLAND: MOST INNOVATIVE CAR OF THE YEAR – RTL SURVEY, AUTOMOTO / FRENCH FAVOURITE CAR COMPACT SUV CATEGORY / CAR OF THE YEAR 2014 – YAHOO AUTOS / L'OBSERVEUR DU DESIGN LABEL - INTERNATIONAL AUTOMOBILE FESTIVAL
PÝSKALAND: RED DOT AWARD: PRODUCT DESIGN 2014 / INTERNET AUTO AWARD: EDITORIAL AWARD
ÍTALÍA: MOTOR PHOTO AWARD AUSTURRIKI: AUSTRIAN AUTOMOTIVE GRAND PRIX IN THE "START" CATEGORY – ARBÖ
KRÓATÍA: BÍLL ÁRSINS 2015 / CROATIAN AUTOMOTIVE OF THE YEAR 2015 – TV AUTOMAGAZIN
BELGÍA: FAMILY CAR VAB OF THE YEAR 2015
SLÓVAKÍA: GOLDEN WHEEL SLOVAKIA BÚLGARÍA: GOLDEN WHEEL – AUTOBILD BULGARIA
SERBÍA: BÍLL ÁRSINS 2015
ÍSLAND: BÍLL ÁRSINS 2016 Í SÍNUM FLOKKI WORLD CAR AWARDS: WORLD CAR DESIGN OF THE YEAR 2015



CITROËN C4 CACTUS HAMPAR 25 VERÐLAUNUM

Hugmyndafræðin að baki C4 Cactus er bylting í hönnun bíla. Ekkert þrjál, einungis hlutir sem skipta máli í dag. Hagnýt og djörf hönnun, einfaldleiki og lágt verð. C4 Cactus hefur svo sannarlega slegið í gegn. Nú þegar hefur hann hlotið 25 verðlaun víðsvegar um heiminn. Þar á meðal var hann valinn Bill ársins 2016 á Íslandi í sínum flokki.

VERÐ FRÁ EINUNGIS 2.690.000 KR.

Velkomin í reynsluakstur

Vetrardekk að verðmæti 140.000 kr.
fylgja nýjum Citroën C4 Cactus til 15. nóvember.
Nýttu þér tilboðið.

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

15 ára afmæli
Citroën og Brimborg

brimborg

Öruggur staður til að vera á

citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bildshófa 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050



SKOÐUN

Sparnaðartillaga



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Ísland er í sögulegu samhengi kristið land, við syngjum til Guðs í þjóðsöng okkar, á þjóðfánanum er krossmark og hér tókum við okkur lögbundið fri frá vinnu á kristnum hátíðum. Stór hluti Íslendinga er skírður, fermdur, giftur og að lokum grafinn með aðstoð þjóðkirkjunnar.

Fréttablaðið í dag greinir frá því að starfshópur Kirkjubings telji að boðun og predikun kirkjunnar nái ekki til almennings með nægilega áhrifamiklum hætti, „þegar hún orðin hornreka hjá RÚV og lítt áberandi á öðrum fjölmiðlum og mannamótum öðrum en kirkjulegum athöfnum og messum“.

Ljóst er á tölum um fækkun þeirra sem skráðir eru í þjóðkirkjuna að hún hefur átt undir högg að sækja undanfarin ár. Ýmislegt kemur þar til, en líklegt verður að þykja að þar vegi þungt veik viðbrögð kirkjunnar við ásköpunum um kynferðislegt ofbeldi innan hennar raða og einnig hávær minnihluti vígslupresta sem setur hjónavígslu samkynhneigðra fyrir sig.

Þjóðkirkjan hyggst eyða 150 milljónum næstu fimm árin í að draga úr fækkun sóknarbarna og stuðla að nýliðun innan þjóðkirkjunnar. Um áramót voru sóknarbörn í þjóðkirkjunni rúmlega 240 þúsund eða 74 prósent mannfjöldans. Fyrir tíu árum voru þau rúmlega átta þúsund fleiri og hlutfallið 85 prósent af mannfjöldanum.

Allir stjórnáflökklakar landsins, utan Framsóknarflokksins, eru komnir með það á stefnuskrá sína að aðskilja ríki og kirkju. Þjóðkirkjan er í sjálfu sér helst að forminu til ríkiskirkja. Tengsl kirkju og ríkis eru stjórnarskrárvarin en hafa í rauninni takmarkaða eiginlega þýðingu. Ríkið greiðir laun presta og starfsmanna Biskupsstofu og eru þær greiðslur byggðar á samningi vegna jarða sem ríkið tók yfir af kirkjunni.

Þeir, sem tala gegn aðskilnaði ríkis og kirkju, bera margir fyrir sig þennan samning og flækjuna sem því myndi fylgja að rifta honum. Kirkjan yrði að fá bætur fyrir jarðir sínar á grundvelli samningsins og það er heljarinnar reikningsdæmi. Líklegast er það rétt að málið sé flókið og töluverð vinna þyrfti að fara í að rekja í sundur flækjuna. En hægt er að fullyrða að það er ekki flóknara en til að mynda að einkavæða banka. Eða að losa landið hér úr gjaldeyrishöftum. Ljóst er að auka þarf sjálfstæði og fjárhagslegan grundvöll yfir einhverj ári og skera svo á tengslin þegar þeim takmörkum er náð. Eftir stendur þá stjórnarskrárákvæði sem hefur í sjálfu sér enga raunverulega þýðingu aðra en að vera einhvers konar söguleg yfirlýsing.

Áhrif kristinnar trúar á bæði sögu- og menningu þjóðarinnar eru óumdeild. Samfélagið hefur hins vegar breyst mikið frá því núverandi fyrirkomulag kirkjunnar var ákveðið og hlutverk hennar hefur þróast. Lífskohanir almennings og trúarafstaða hans er orðin margþættari. Núverandi staða og lögbundin forrættindi kirkjunnar brjóta í bága við réttarvitund marga og sá hópur fer stækkandi. Því má gera því skóna að aukid sjálfstæði kirkjunnar sem og fjárhagslegt sjálfstæði hennar myndi leiða til aukinnar virðingar og þannig sterkari stöðu hennar. Jafnvel spara henni 150 milljónir.



Núverandi staða og lögbundin forrættindi kirkjunnar brjóta í bága við réttarvitund marga og sá hópur fer stækkandi.

Lærðu um leið og þú ferðast!

Ertu að hugsa um skiptinám?
Ferðaskrifstofan Mundo heldur kynningarfund um skiptinám á Spáni og í Þýskalandi á Hallveigarstöðum, fimmtudaginn 29. október klukkan 17:00. Allir velkomnir!

MUNDO
www.mundo.is



Nánari upplýsingar hjá margret@mundo.is

Halldór



Frá degi til dags

Viðreisn veitt rothögg
Á landsfundi Sjálfstæðisflokksins voru röttækur breytingar gerðar á stefnunni. Segja má að frjálshyndi armur flokksins hafi haft betur gegn þeim íhaldssama en þetta kristallast hvað best í nýrri stefnu flokksins hvað varðar aðskilnað ríkis og kirkju, afglæpavæðingu fíkniefna, lækkun kosningaaldurs og fleira. Með þessu hefur Sjálfstæðisflokkurinn tekið frjálshynd skref og nálgast stjórnarandstöðuflokkana sem hafa margir hverjir tekið upp álika stefnu. Þá hefur flokkurinn opnað á nýja möguleika í gjaldeyrismálum en með öllum þessum breytingum hefur Sjálfstæðisflokkurinn að öllum líkindum gert út af við möguleika Viðreisnar til árangurs.

Svigrúm fyrir Þjóðernisflokk
Sögulega séð hefur Sjálfstæðisflokkurinn getað rúmað nærri alla þá kjósendur sem hafa kosið að skilgreina sig sem hægri sinnada. Þar hafa rúmast íhaldsmenn, frjálshyndir, þjóðernissinnar og frjálshyggjufolk. Með nýrri stefnu fer hugsanlega að hitna undir íhaldsamari armi Sjálfstæðisflokksins líkt og málfutningur Gústafs Nielssonar og meðferð á tillögu Jóns Magnússonar um útlendingamál gefa til kynna. Mögulega hefur tilfærsla Sjálfstæðisflokksins á pólitíska litrófinu veitt svigrúm fyrir stofnun þjóðernisflokks líkt og þekktist á hinum Norðurlöndunum. stefanrafn@frettabladid.is

Umræða á villigötum



Grétar Jónsson hdl. og lgf., framkvæmdastjóri Félags fasteignasala



Inn í hin nýju lög sem er ein stærsta neytendalöggjöf landsins voru með skýrum hætti settar niðurstöður úrskurða viðskiptaráðuneytisins og eftirlitsnefndar með fasteignasölum.

Að undanförunu hefur mikilli umræðu verið hrundið af stað í fjölmiðlum um störf aðstoðarfólks (sölu-manna) á fasteignasölum. Umræðan hefur einnig ratað inn á Alþingi.

Málfutningi hefur verið hagað með þeim hætti að mistök hafi verið gerð í lagasetningu í vor þegar inn í ný lög um sölu fasteigna var sett með skýrum hætti hvaða störfum neytendur í fasteignaviðskiptum ættu að geta treyst að hinn löggilti fasteignasali sinni sjálfur persónulega og um leið aðstoðarfólk hans sinnti ekki.

Inn í hin nýju lög, sem er ein stærsta neytendalöggjöf landsins, voru með skýrum hætti settar niðurstöður úrskurða viðskiptaráðuneytisins og eftirlitsnefndar með fasteignasölum. Þessir úrskurðir hafa fallið undanfarin ár og varða alvarlegar athugasemdir hve langt aðstoðarfólk hefur gengið í störfum gagnvart neytendum. Það að lögin komi nú eins og þruma úr heidskíru lofti og gerbreyti allri framkvæmd, eins og haldið er fram, er fjárríllur sanni.

Þrátt fyrir framangreint er nauðsyn að sýna tillitssemi gagnvart fólki sem starfar í greininni og vill mennta sig til starfans eða hefur þegar hafið nám. Félag fasteignasala hefur lagt til skýrar lausnir gagnvart þessum aðilum sem einfalt er að koma á í gegnum reglugerð jafnframt því sem mætt er helstu athugasemdum sem settar hafa verið fram.

Með tillögnum er samþætt bóklegt nám og um leið verkleg störf viðkomandi nema á fasteignasölu.

Mjög ríkar kröfur eru gerðar til að öðlast opinber réttindi sem löggiltur fasteignasali og fá heimild til að hafa milligöngu um almennt stærstu viðskipti fólks á lífsleiðinni. Byggjast þær kröfur m.a. á 90 eininga námi á háskólastigi auk a.m.k. eins árs reynslu í störfum á fasteignasölu. Markmið nýrra laga um sölu fasteigna kemur skýrt fram í 1. gr. nýju laganna, þ.e. að tryggja neytendavernd. Með festu í löggjöf í þessum málum er Alþingi að tryggja að markmið laganna um neytendavernd náist fram.

Mikilvægt er í umræðu sem sett er í loftið um þessi mál að þess sé gætt að staðreyndum sé haldið til haga en málum ekki snúið á hvolf og látið sem engin forsaga sé að neinu hvað þessi mál varðar en því fer fjárríllur sanni.

Úps, gerði það aftur



Bolli Héðinsson
hagfræðingur

Landsbankinn seldi frá sér eign til útvalinna vildarvina, eignarhlut sinn í Borgun. Arion banki seldi frá sér eign sína í Símanum til útvalinna vildarvina áður en pöpullinn og lífeyrissjóðirnir fengu tækifæri til að kaupa. Fjármálaráðherra og flokksbræður hans hrópa nú hver um annan þveran í heilagri vandlætingu yfir þeirri rangsleitni sem hér hefur átt sér stað, en bara þegar Arion banki seldi. Enga vandlætingu er að finna hjá þeim yfir því þegar Landsbanki seldi í Borgun. Hvað veldur?

Allir bankarnir í reynd á forræði ríkisins

Bæði þessi tilvik eru nákvæmlega eins vaxin. Viðskiptabankar, reknir á ábyrgð ríkissjóðs sem ábyrgist allar innistæður þeirra, eru að losa sig við eignir. Eftir sölnu á Borgun vantaði ekki að einhverjir embættismenn viðurkenndu mistök en enginn var látinn sæta ábyrgð. Síðan þegar þetta gerist núna aftur við sölnu á Símanum þá skáka menn í því skjólinu og segja einfaldlega „úps, gerði það aftur“ vitandi vits að ekki nokkur sála, hvorki stjórnmálameinn né embættismenn þurfa að sæta ábyrgð.

Dreift eignarhald ... kannstu annan?

Þegar nú er til umræðu sala ríkisins á Íslandsbanka og Landsbanka vantar ekki að ráðamenn komi fram og lofi dreifðri eignaraðild, opnu sölufæri o.s.frv. Hljómar kunnuglega? Öll munum við þegar Framsóknarflokkur og Sjálfstæðis-



Fjármálaráðherra og flokksbræður hans hrópa nú hver um annan þveran í heilagri vandlætingu yfir þeirri rangsleitni sem hér hefur átt sér stað, en bara þegar Arion banki seldi. Enga vandlætingu er að finna hjá þeim yfir því þegar Landsbanki seldi í Borgun.

flokkur lofuðu hinu sama við fyrri einkavæðingu bankanna, dreifðri eignaraðild, opnu sölufæri og þar fram eftir götunum. En hvað kom á daginn? Um leið og góðvinir flokkananna birtust (góðvinir sem síðan reyndust vera „óreiðumenn“) var öllum hugmyndum um dreifða eignaraðild kastað fyrir róða og vinunum seldir bankarnir. Því skyldi það ekki gerast aftur? Er nokkuð að marka yfirlýsingar ráðherra Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks núna frekar en þá?

Undanfarin misseri höfum við séð hvernig ótvíræð loforð, gefin fyrir síðustu kosningar, loforð sem spiluð eru aftur og aftur fyrir ráðherra skipta þá nákvæmlega engu máli. Þeir yppta einfaldlega öxlum og láta sem loforð hermd upp á þá með þeirra eigin orðum, spiluð ítrekað upphátt fyrir þá opinberlega, skipti þá bara alls engu máli. Hvarflar að einhverjum að trúa þeim núna? Er einhver ástæða til að ætla að eignir bankanna og loks bankarnir sjálfir verði ekki einmitt seldir vildarvinum í hæfilegum skómmtum og í hvert sinn heyrst bara „úps, gerði það aftur“ og öxlunum yppt yfir öllum fögru loforðunum?

Hvika hvergi



Lýður Árnason
læknir í Laugarási og vaktstjóri Lýðræðisvaktarinnar

Öflugt bréf málsmetandi manna og kvenna birtist nýverið í Fréttablaðinu. Í því er þrýst á tafarlausa uppbyggingu Landspítala við Hringbraut. Þessi ósk hefur bulið á þjóðinni umliðin ár en ekkert gerist.

Í bréfinu kemur fram að bregðast verði við hækkanði aldri landsmanna og aukinni þjónustubörf með nýbyggingum. Um þetta hef ég reyndar alltaf efast og tel hlutverk þjóðarsjúkrahúss ekki það að yfirtaka alla kima heilbrigðisþjónustunnar heldur sinna fremur flóknari tilfellum og neyðarþjónustu ásamt kennslu. Hins vegar hefur samþjöppun undanfarinna ára fært Landspítalanum svo stóruaknar byrðar að hann stendur vart undir sjálfum sér enda berast af því reglulegar fréttir.

Heilbrigðismál á Íslandi hafa allt of lengi verið í klakaböndum. Þau rorra í lausu lofti og enginn veit hvar né yfirhöfuð hvort eigi að lenda. En eigum við að kyla á margumrætt spítalaþorp eða fara í þveröfuga átt með minni einingum og reyna að tappa af Landspítalanum? Það gæti falist í litlum hverfisstöðvum með smáslysaþjónustu sem myndu létta á slysamótökunni sem í dag fær nánast allt til sín sem aflaga fer á höfuðborgarsvæðinu og víðar. Heilsugæsla sem opin væri á kvöldin yrði mjög gagnleg enda löngu komið í ljós að hefðbundinn opnunartími er ófullnægjandi í þeirri samfélagsgerð sem við búum í. Sömu-



Hringbraut eða Fossvogur er ekki kjarni málsins heldur hitt, hvort við viljum auka miðstýringu heilbrigðisþjónustunnar með ofuráherslu á eitt þjóðarsjúkrahús.

leiðis er auðvelt að sjá fyrir sér göngu- deildarþjónustu, sálfræðiþjónustu og einfaldari aðgerðir annars staðar en á Landspítalalóðinni. Upplagt væri svo að hafa krabbameinsdeildina á St. Jósefsspítala, í rólegu umhverfi þar sem fólk gæti átt sitt athvarf án þess að þurfa endurtekið að fara í gegnum allan pakkan. Í landshornunum væri svo hægt að efla fyrirbyggjandi sjúkrahús. Samanlagt myndi þetta auka fjölbreytni og færa þjónustuna nær notendum. Og Landspítalinn gæti sinnt sínum verkefnum betur.

Húsnæðisvandi Landspítalans kallar vitaskuld á endurbætur, um það eru flestir sammála. En heilt spítalaþorp er ekki bara lausn á húsnæðisvanda heldur stefnumörkun til framtíðar. Sú umræða hefur ekki farið fram heldur verið kæfð. Hringbraut eða Fossvogur er ekki kjarni málsins heldur hitt, hvort við viljum auka miðstýringu heilbrigðisþjónustunnar með ofuráherslu á eitt þjóðarsjúkrahús og einnig hvort við viljum feta braut vaxandi sérhæfingar með tilheyrandi kostnaði eða ekki.

Þetta eru pælingar læknis sem starfar utan spítala og horfir þar af leiðandi öðruvísi á málin en hinn ágæti hópur sem skrifaði umrætt bréf. Vona það æri engan.

Börn og íslenskt táknmál



Heiðis Dögg Eiríksdóttir
formaður Félags heyrnarlausra

Fjölskyldur heyrnarlausra barna hafa neyðst til að flytja frá Íslandi þar sem börnin þeirra fá ekki nauðsynlega þjónustu eins og námsefni á íslensku táknmáli. Þetta eru sorglegar fréttir og er mikil eftirsjá að fjölskyldunum.

Ég er sjálf heyrnarlaus, fædd í litlu sjávarþorpi norður á Langanesi þar sem ég sleit barnskónum. Ég var með heyrnartæki og gat eitthvað lesið af vörum og gert mig skiljanlega. Ég man vel eftir árunum í skóla sem voru erfið. Mér gekk vel að læra en ég var ekki hluti af nemandahópnum. Þegar ég var 11 ára tóku foreldrar mínir ákvörðun um að flytja suður svo ég gæti farið í Heyrnleysingjaskólann. Ákvörðun foreldra minna gjörbreytti lífi mínu og verð ég þeim ævinlega þakklát.

Í Heyrnleysingjaskólanum var ég ekki lengi að ná íslenska táknmálinu enda var málumhverfið lifandi – táknmál alls staðar. Í fyrsta sinn gat ég fylgst með samræðum – fylgst með fullorðnum tala um veðrið, umferðina, vinnuna. Með heyrnartækjunum gat ég átt samskipti við einn einstakling í einu en þegar fleiri bættust við datt ég út. Ég fann mig loksins sem hluta af hópnum og ég eignaðist vini. Ég gat verið



Fjölskyldurnar sem tóku ákvörðun um að flytja frá Íslandi vildu ekki fara. Þau tóku ákvörðun sem er best fyrir barnið þeirra. Þau vilja gefa þeim tækifæri til að þroskast og dafna í umhverfi þar sem þeim stendur til boða menntun, námsgögn og tulkapjónusta.

ég sjálf. Fékk að upplifa heiminn í gegnum táknmálið og veröldin stækkaði heilmikið. Margt hefði mátt betur gera með kennslu og nám en ég sé ekki eftir skólagöngu minni í Heyrnleysingjaskólanum eða Vesturhlíðaskóla eins og hann hét þegar ég lauk náminu.

En lífið var ekki bara dans á rósum. Ég átti líka mín erfiðu unglingsár eins og flestir þegar sjálfmyndin er ekki sérlega sterk. Mér fannst stundum ómögulegt að vera heyrnarlaus. Á norrænu æskulýðsmóti fyrir heyrnarlaus ungmenni sá ég ljósið. Ég varð döff, ég tilheyrði hópi, átti vini, ég var sátta við lífið og mér leið vel.

Gefið börnum tækifæri

Í dag er ég hamingjusamlega gift döff einstaklingi og á með honum þrjú ofurstykki sem eru altalandi

á íslensku táknmáli og íslensku. Ég lauk stúdentsprófi og B.Sc.-gráðu í hjúkrunarfræði. Ég veit að dyrnar standa alltaf opnar ef mig langar í frekara nám. Ég lít til baka og veit að ég hefði ekki getað nýtt mér táknmálstúlkun í námi ef ég hefði ekki fengið að vaxa og dafna í góðu táknmálsumhverfi. Mér hafa boðist atvinnutækifæri í Noregi þar sem ég geng að öruggri táknmálstúlkapjónustu vegna vinnu minnar og daglegs lífs t.d. þegar ég vil mæta á fundi sem tengjast íþróttta- og tómsundaiðju barna minna eða vil fara á endurmenntunarnámskeið í vinnunni. En ég vil eiga heima á Íslandi hjá mínu fólki sem tilheyrir sama mál- og menningarsamfélagi og ég – íslenska táknmálinu.

Fjölskyldurnar sem tóku ákvörðun um að flytja frá Íslandi vildu ekki fara. Þær tóku ákvörðun sem er best fyrir barnið þeirra. Þau vilja gefa þeim tækifæri til að þroskast og dafna í umhverfi þar sem þeim stendur til boða menntun, námsgögn og tulkapjónusta. Þessi staða er svo sorgleg því hún þarf ekki að vera svona.

Íslensk stjórnvöld verða að styðja við íslenskt táknmál, börn og fjölskyldur sem reiða sig á það til samskipta. Gefið börnum tækifæri til að vaxa og dafna á Íslandi, gefið þeim möguleika til menntunar í skólakerfi þar sem íslenska táknmálið og menningarsamfélag þess nýtur virðingar. Þannig styðjum við best börn sem reiða sig á íslenska táknmálið til samskipta og gefum foreldrum þeirra val um að taka ákvörðun um að búa áfram á Íslandi.

ÚTSALA

15-50%

afsláttur af umgjörðum

MJÓDDIN
Sími 587 2123

FJÖRÐUR
Sími 555 4789

SELFLOSS
Sími 482 3949

augastaður
Gleraugnaverstunin þín

Byrjunarlið Íslands á móti Frakklandi í ágúst 2009

Fyrsti leikur kvennalandsliðsins á Evrópumótinu í Finnlandi 2009 var fyrsti leikur sem íslenskt A-landslið spilaði á stórmóti í knattspyrnu.

PÓRA BJÖRG HELGADÓTTIR
Númer 3 í 100 leiki
Komst í 100 leikja klúbbinn 7. mars 2014 í 2-1 sigurleik gegn Noregi í Algarve-bikarnum í Portúgal.

ERNA BJÖRK SIGURDARDÓTTIR
Lék 36 A-landsleiki

GUÐRÚN SÓLEY GUNNARSDÓTTIR
Lék 65 A-landsleiki

ÓLÍNA GUÐBJÖRG VIÐARSDÓTTIR
Lék 70 A-landsleiki

KATRÍN JÓNSDÓTTIR
Númer 1 í 100 leiki
Komst í 100 leikja klúbbinn 22. júní 2010 í 3-0 sigurleik á móti Króatíu á Laugar-dalsvelli í undankeppni HM.

DÓRA MARÍA LÁRUSDÓTTIR
Númer 4 í 100 leiki
Komst í 100 leikja klúbbinn 12. mars 2014 í 2-1 sigurleik á móti Svíþjóð í Algarve-bikarnum í Portúgal.

EDDA GARDARSDÓTTIR
Númer 2 í 100 leiki
Komst í 100 leikja klúbbinn 11. mars 2013 í 1-0 tapleik á móti Kína í Algarve-bikarnum í Portúgal.

KATRÍN ÓMARSÓTTIR
Hefur leikið 64 A-landsleiki

HÓLMFRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR
Númer 6 í 100 leiki
Komst í 100 leikja klúbbinn í fyrrkvöld, 26. október 2015, í 6-0 sigurleik á móti Slóveníu í undankeppni EM.

SARA BJÖRK GUNNARSDÓTTIR
Númer 5 í 100 leiki
Hefur leikið 87 A-landsleiki

MARGRÉT LÁRA VIÐARSDÓTTIR
Númer 15 í 100 leiki
Komst í 100 leikja klúbbinn 22. september 2015 í 2-0 sigurleik á móti Hvíta-Rússlandi á Laugar-dalsvelli í undankeppni EM.

Hundrað leikja byrjunarliðið

Hólmfríður Magnúsdóttir og Margrét Lára Viðarsdóttir hafa bæst í hundrað landsleikja klúbbinn í haust og þar eru nú sex íslenskar knattspyrnukonur sem byrjuðu allar tímamótaleik í sögu íslensku A-landsliðanna.

FÓTBOLTI Tampere í Finnlandi, 24. ágúst 2009. Tímamótadagur og staður fyrir íslensku fótballtalandsliðin þegar stelpurnar í íslenska kvennalandsliðinu spiluðu sinn fyrsta leik A-landsliðs Íslands í úrslitakeppni stórmóts í fótbolta.

Tæpu ári seinna varð fyrirlíðinn Katrín Jónsdóttir fyrst íslenskra

kvenna til að spila hundrað landsleiki fyrir Ísland og frá þeim tíma hafa síðan fimm bæst í hópinn. Allar eiga það sameiginlegt með Katrínu að hafa gengið fylktu liði inn á Ratina Stadion í Tampere fyrir sex árum.

Fjórar hafa bæst í hópinn á síðustu tveimur árum og síðustu tvær voru þær Margrét Lára Viðarsdóttir og Hólmfríður Magnúsdóttir í haustleikjum liðsins í undankeppni EM 2017. Eftir hundraðasta landsleik Hólmfríðar Magnúsdóttur í Slóveníu í fyrrkvöld er staðan sú að meira en helmingur af umræddu byrjunarliði hefur fengið inngöngu í klúbbinn.

Við getum líka farið að telja niður þar til sú sjöunda bætist í hópinn en hin 25 ára gamla Sara Björk Gunnarsdóttir spilaði sinn 87. landsleik í Slóveníu. Íslenska liðið spilar fimm leiki í undankeppninni á næsta ári og við bætast væntanlega samtals átta leikir í Algarve-bikarnum 2016 og 2017. Sara gæti komist í hópinn snemma árs 2017 þegar íslensku stelpurnar eru vonandi að undirbúa sig fyrir þriðja EM í röð.

Eftir standa fjórar úr umræddu

byrjunarliði sem ekki komast í hundrað leikja klúbbinn. Bakvörðurinn Erna Björk Sigurdardóttir og miðvörðurinn Guðrún Sóley Gunnarsdóttir voru óheppnar með meidsli, þá er Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir 30 leikjum frá stóra takmarkinu en landsliðsferill hennar er á enda runninn.

Eftir stendur Katrín Ómarsdóttir sem hefur verið úti í kuldanum hjá landsliðsþjálfaranum Frey Alexanderssyni að undanfögnu. Hólmfríður bætist einnig í hóp þeirra fimm sem hafa fagnað sigri í stóra tímamótaleiknum en allar sem hafa verið í byrjunarliði í hundraðasta leiknum hafa haft fleiri en eina ástæðu til brosa í leikslök.

Hólmfríður fékk að vísu bara hálf-tíma en náði á þeim tíma að leggja upp mark og hjálpa íslenska liðinu að komast í 2-0 á útivelli. Katrín Jónsdóttir, fyrsta konan í klúbbnum, skoraði í sínum tímamótaleik og er sú eina sem hefur náð því.

Eftir þrjú mörk í síðustu tveimur leikjum er Margrét Lára komin með 75 mörk fyrir íslenska landsliðið og

vantar nú 25 mörk til að hafa skorað hundrað mörk. Það hefur tekið Margrét 45 landsleiki að skora síðustu 25 mörk sín og því þarf hún að halda damp og leika fimmtíu landsleiki til viðbótar til að komast líka í hundrað marka klúbbinn. Það eru litlar líkur á því að það takist eða svona álíka miklar og að einhver muni ná að bæta markamet hennar í framtíðinni.

Nú, þegar fjórar af sex í hundrað leikja klúbbnum hafa skellt skónum upp á hillu er það raunhæfara markmið hjá Margrét Lára að bæta leikjamat Katrínar Jónsdóttur en til þess þarf þessi mikla markadrottning að spila 32 leiki til viðbótar. Þá hefur Hólmfríður örugglega ekki sagt sitt síðasta þótt hún sé tveimur árum eldri en Margrét Lára enda bara tveimur leikjum á eftir.

Katrín spilaði í rúm þrjú ár eftir hundraðasta leikinn en bæði Þóra Björk Helgadóttir og Dóra María Lárusdóttir hættu eftir hundrað leikja árið sitt. Við vonum að Margrét Lára og Hólmfríður förne sér fyrir Ísland í nokkur ár til viðbótar. ooj@frettabladid.is

Nýjast

Domino's-deild karla í körfubolta

Fram - Stjarnan 29-25

Markahæstar: Ragnheiður Júlíusdóttir 9, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 6/3, Elísabet Gunnarsdóttir 6 – Þórhildur Gunnarsdóttir 7, Stefania Theodórsdóttir 6/6.

Fram vann sinn sjötta leik í röð í Olísdeildinni er liðið vann Stjórnuna í gær. Fram hefur ekki tapað síðan liðið laut í lægra haldi fyrir ÍBV í fyrstu umferð.

Selfoss - Valur 21-25

Markahæstar: Carmen Palamariu 6, Adina Maria Ghidoarca 5, Hrafnhildur Hanna Prastardóttir 4 – Íris Ásta Pétursdóttir 6, Kristín Guðmundsdóttir 4, Morgan Marie Porkelsdóttir 4.

HK - Fylkir 23-21

Markahæstar: Emma Havin Sardarsdóttir 7, Sigríður Hauksdóttir 6 – Thea Imani Sturludóttir 6, Vera Pálsdóttir 4.

Haukar - KA/Þór 29-20

Markahæstar: Maria Pereira 6, Ramune Pekarskyte 6, Jóna Sigríður Halldórsdóttir 5 – Erla Heiður Tryggvadóttir 5, Birta Fönn Sveinsdóttir 4, Arna Kristín Einarsdóttir 4.

Afturelding - ÍR 20-19

Markahæstar: Hekla Daðadóttir 4, Þóra María Sigurjónsdóttir 3 – Sólveig Lára Kristjándóttir 6, Silja Ísberg 4.

Fjölnir - FH 26-25

Efst	Neðst	
ÍBV	14	Fylkir 4
Grótta	14	FH 3
Fram	13	Afturelding 2
Haukar	13	ÍR 2
Valur	12	KA/Þór 1



HAUKUR HELGI Í NJARDVÍK
Landsliðsmaðurinn Haukur Helgi Pálsson verður samkvæmt heimildum Fréttablaðsins kynntur sem nýr leikmaður Njarðvíkur á blaðamannafundi sem haldinn verður síðdegis. Haukur Helgi var lykilmáður með Íslandi á EM í Berlín í sumar og hefur síðustu vikurnar spilað með Þýska liðinu Mitteldeutscher. Friðrik Ingi Rúnarsson, þjálfari Njarðvíkur, staðfesti á mánudag að félagið ætti í viðræðum við Hauk Helga en koma hans mun styrkja lið Njarðvíkur mikið fyrir átökin sem fram undan eru í Domino's-deild karla.

ARSENAL ÚR LEIK

Arsenal féll úr leik í 16-liða úrslitum ensku deildabikarkeppninnar í gær er liðið steinla fyrir B-deildarliði Sheffield Wednesday, 3-0. Til að bæta gráu á svart þurftu þeir Theo Walcott og Alex Oxlade-Chamberlain, leikmenn Arsenal, báðir að fara snemma af velli vegna meiðsla. Þrír aðrir leikir fóru fram í keppninni í gær en allir voru framlengdir og var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Í dag

19.40	Liverpool - Bournem.	Sport 2
19.40	Man. Utd. - M'boro	Sport 3
19.40	AS Roma - Udinese	Sport 4
19.40	Verona - Fiorentina	Sport 5
19.40	Napoli - Palermo	Bravó
17.30	ÍBV - Grótta	Vestmannaé.
19.15	Haukar - Grindavík	Ásvellir
19.15	Stjarnan - Valur	Dalhús
20.00	ÍBV - Haukar	Vestmannaé.

FUDGE Mættu og taktu númer

FUDGE

FUDGE

FUDGE

FUDGE

FUDGE

FUDGE

Rakarastofan Klapparstíg

S: 5513010

OYSTER PERPETUAL
GMT-MASTER II


ROLEX



MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 28. október 2015

42. tölublað | 9. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



Sjö mögur ár að baki hjá NTC

**Verslunum hefur
fækkað um
fjórðung.**

**Hlutfjárukning
var fjármögnuð
með lánsfé.**

**Lækka á verð
samhliða niður-
fellingu tolla um
áramótin.**

»6



»2

**3,5 milljarðar í
hagnað frá hruni**
Fjölskyldufyrirtækið
Mogul Holding hefur
grætt vel á leikritum.

»4

**Bertrand Kan vill
komast í stjórn**
Fjárfestirinn hefur
þekkt Símann í meira
en áratug.

»8

**Svipmynd:
Stefán Thors**
Nýr húsameistari ríkis-
ins skoðar uppbyggingu á
stjórnarráðsreitnum.

»10

**Kína verður aldrei
stærsta hagkerfið**
Lars Christensen skrifar
um þróun efnahagsmála
í Kína.

»12

Umdeilt útboð
Stjórnarmaðurinn spyr
hvaða hlutverk erlend-
ir fjárfestar í Símanum
muni hafa.

ISLENSKA SÍA, IS (CC) 2015 09/2015



ER ÞITT FYRIRTÆKI Á FLUGI?

Regluleg ferðalög á vegum
fyrirtækisins eru oft nauðsynleg.
Það getur því borgað sig að gera
fyrirtækjasamning við Icelandair.

ICELANDAIR



SKJÓÐAN



Nú hefur Steingrímur J allt í einu áhyggjur!

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON, fyrrverandi fjármálaráðherra, hefur lýst áhyggjum sínum af því að stöðugleikaframlag slitabúa gömlu bankanna sé of lágt. Sumpart má taka undir þessar áhyggjur leiðtoga ríkisstjórnarinnar, sem kenndi sig við norræna velferð.

EINHVERN VEGINN er samt Steingrímur J. Sigfússon ekki rétti maðurinn til að gagnrýna linkind gagnvart kröfuhöfum gömlu bankanna. Hann er maðurinn sem ásamt Gylfa Magnússyni, þáverandi viðskiptaráðherra, seldi Íslandsbanka og Arion banka í hendur kröfuhafa fyrir slíkk og samdi um leið um skotleyfi á viðskiptavinum bankanna til handa kröfuhöfum.

ÞEIR FÉLAGARNIR afhentu kröfuhöfum á þriðja hundrað milljarða með beinum gjafgjörningi á kostnað viðskiptavina bankanna tveggja. Síðan hefur skotleyfið skilað þessum bönkum um 50 milljarða hagnaði á ári hverju. Nú hefur slitastjórn Glitnis boðið gjöfina sem meginhluta af sínu stöðugleikaframlagi, bankann sem byggir verðmæti sitt á herför gegn viðskiptavinum sínum og eigum þeirra.

HVI FÓR ríkið ekki sömu leið með Arion banka og Íslandsbanka og farin var með Landsbankann? Hvi voru fyrrnefndu bankarnir gefnir slitabúum ásamt skotleyfi á viðskiptavinum í stað þess að gefið væri út skuldabréf milli nýja bankans og þess gamla (í krónum en ekki gjaldeyri!) líkt og gert var með Landsbankann?

EKKI verður séð að ráðherrarnir hafi haft umboð til að gefa eigur ríkisins og út frá nýlegu dómafordæmi Hæstaréttar getur vart leikið vafi á að um umboðssvik var að ræða. Raunar verður ekki betur séð en að þessi umboðssvik Steingríms J. og Gylfa gegn þjóðinni hafi verið mun alvarlegri en þau umboðssvik sem verið er að dæma menn í margra ára fangelsi fyrir í ýmsum hrundmálum.

ÞETTA ER sá sami Steingrímur og ætlaði að keyra í gegn um Alþingi óséðan samning í Icesave-deilu Íslands við Bretland og Holland – samning sem hefði kostað þjóðina 200 milljarða hið minnsta. Já, ekki skorti ráðherrann örlæti gagnvart kröfuhöfum, jafnvel þegar um ólögvarðar kröfur var að ræða.

EN NÚ lýsir hann áhyggjum sínum yfir fjárhæð stöðugleikaframlagsins, ráðherrann sem vildi gefa erlendum kröfuhöfum á fimmta hundrað milljarða þó að þjóðin hafi raunar náð að takmarka tjónið með því að hafna með öllu Icesave-samningum.

HAFI EINHVERN tíma verið telfni til að kalla saman Landsdóm þá er það vegna embættisfærslna Steingríms J. og Gylfa Magnússonar og gjafgjörninga þeirra í þágu erlendra kröfuhafa. Steingrímur getur í öllu falli varla ætlast til þess að menn trúu því að nú hafi hann allt í einu áhyggjur af því að ekki sé gengið nógu hart fram gegn kröfuhöfum bankanna.



Systkinin Óskar Eiríksson, framkvæmdastjóri Mogul Holding, og Signý Eiríksdóttir, verkefnisstjóri hjá fyrirtækinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Leikritin skilað 3,5 milljörðum frá hrúni

Mogul Holding, sem áður hét Leikhúsmógullinn, hefur hagnast um 3,5 milljarða frá árinu 2008. Félagið hefur komið að leiksýningum í 41 landi. Hellsibúinn hefur verið ábatasamasta sýningin. Áralangar deilur hafa verið meðal hluthafa.

Leikhúsfélagið Mogul Holding ehf., sem áður hét Leikhúsmógullinn, hefur hagnast um 3,5 milljarða króna frá og með hrúnárinu 2008. Félagið er fjölskyldufyrirtæki, stofnað utan um framleiðslu leiksýninga í Þýskalandi árið 2000 og á sýningarréttinn á Hellsibúanum og fleiri sýningum. Sýningar á vegum Mogul Holding hafa verið settar upp í 41 landi.

„Við erum eitt af stærri leikhúsfra­mleiðslufyrirtækjum í heimi og af þeim sem eru að setja upp minni sýningar erum við langstærst og langútbreiddust,“ segir Óskar Eiríksson, framkvæmdastjóri Mogul Holding. Óskar á ásamt tveimur systur sínum og föður sínum samtals 60 prósentu hlut í félaginu.

Fyrirtækið á þátt í uppsetningu á milli 2.500 og 5.000 leiksýninga á ári hverju og er með skrifstofur á Íslandi, í Sviss, Þýskalandi og Bandaríkjunum.

Óskar segir að Hellsibúann hafi reynst félaginu ábatasamastur. Þá hafi Þýskaland alla tíð verið stærsti markaður félagsins. „Gull­egg­ið hefur verið Þýskalandsmarkaður sem varð til þess að við gátum stækkað,“ segir Óskar.

Mogul Holding hagnaðist um 170 milljónir króna í fyrra. Rekstrartekjur námu 970 milljónum króna og rekstrarhagnaður fyrir afborgun lána og tekjuskatts, nam 388 milljónum króna.

Árið 2013 hagnaðist félagið um 1,1 milljarð króna en það skýrðist að stærstum hluta af endurúrreikningum lána sem lækkuðu lán félagsins um 778 milljónir króna.

Eignir Mogul Holdings nema 10,5 milljörðum króna, þar af er hugverkaréttur að leikritum bókfærður á 9,7 milljarða króna. Eigið fé félagsins nemur 5,8 milljörðum króna og skuldir 4,7 milljörðum króna.

Gulleggið hefur verið Þýskalandsmarkaður sem varð til þess að við gátum stækkað.

Óskar Eiríksson, framkvæmdastjóri Mogul Holding

Deilur hafa staðið um talsverða hrið meðal hluthafa félagsins. Mango Tree BV, sem á 22 prósentu hlut í félaginu, hefur farið fram á innlausn síns hlutar og rekur nú dómsmál gegn Mogul Holdings vegna þessa fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Mango Tree hefur áður tapað málum fyrir dómstólum gegn félaginu. Mango Tree er í eigu sjóðsins Brú II, sem er að langstærstum hluta í eigu lífeyrissjóða og hefur verið í umsjón Thule Investments. ingvar@frettabladid.is

Kauphöllin

MESTA HÆKKUN
SÍÐUSTU VIKUNA

↑ Icelandair

5,3%

MESTA LÆKKUN
SÍÐUSTU VIKUNA

↓ Síminn

-1,6%

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 512 5000 | Fax 512 5301

Umsjón Jón Hákon Halldórsson jonhakon@365.is

Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir | Forsíðumynd Anton Brink

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is Veffang visir.is

www.pwc.is

PwC býður á námskeið

Virðisaukaskattsreglur í ferðaþjónustu!

Um áramótin taka gildi umfangsmiklar breytingar á virðisaukaskattsreglum er snerta ferðaþjónustuna. Farið verður yfir það helsta sem aðilar verða að hafa í huga.

Staður og stund:
Fimmtudagurinn 5. nóvember
Kl. 9:00-10:00
PwC, Skógarhlíð 12

Skráning á www.pwc.is
Ekkert námskeiðsgjald

pwc

Á döfinni

Miðvikudagur 28. október
ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS
Hverji eiga viðskipti með íbúðarhúsnæði?

MAREL
Uppgjör þriðja ársfjórðungs

HAGAR
Uppgjör annars ársfjórðungs

VODAFONE
Uppgjör þriðja ársfjórðungs

NÝHERJI
Uppgjör þriðja ársfjórðungs

Fimmtudagur 29. október
HAGSTOFA ÍSLANDS
Nýskráningar og gjaldþrot í september 2015

Vísitala neysluverðs í október 2015

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS
Fjöldi útgefinna vegabréfa

ICELANDAIR GROUP
Uppgjör þriðja ársfjórðungs

SÍMINN
Uppgjör þriðja ársfjórðungs

VÁTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS
Uppgjör þriðja ársfjórðungs

TRYGGINGAMÍÐSTÖÐIN
Uppgjör þriðja ársfjórðungs

Föstudagur 30. október
HAGSTOFA ÍSLANDS
Vöruskipti við útlönd, janúar-september 2015

Vísitala framleiðsluverðs í sept.2015

Verðmæti sjávaraflla janúar-júlí 2015

Kjöttframleiðsla í september 2015

Greiðsluþjónunarvísitala í nóvember 2015

Vísitala lífeyrisskuldbindinga í september 2015

Mánaðarleg launavísitala í september 2015

ÖSSUR
Uppgjör þriðja ársfjórðungs

visir.is Allar markaðsupplýsingar

Vikan sem leið

33,7 KRÓNUR Á HLUT
Eftir að tilkynnt var á mánudag að afkoma Icelandair Group yrði betri á þriðja fjórðungi en ráðgert hafði verið hækkuðu bréfin um 3,63%. Gengi bréfanna stóð í 33,7 krónum á hlut í lok gærdags og hefur aldrei verið hærra.

0,5 % HAGVÖXTUR var í Bretlandi á síðustu þremur mánuðum. Hagvöxturinn dróst saman um 0,2 prósent milli ársfjórðunga og var undir væntingum sem voru 0,6 prósent.

146 MILLJÓNA GRÓÐI
Egill Jónsson, framkvæmdastjóri hjá Össuri, nýtti sér í gær kauprétt til að kaupa 500.000 hluti í félaginu sem hann seldi strax aftur. Mismunur á kaupum samkvæmt kauprétti og sölu á markaðsvirði var 146 milljónir króna.

keldan
dagatal viðskiptalíffins



MÁTÁÐU HANN VIÐ ÞIG

Upplifðu einstaka hönnun
Volvo V40 Cross Country
Verð frá 4.490.000 kr.

Sparneytinn
Aflmikill
Há veghæð

KOMDU OG SKOÐAÐU NÝJAN
VOLVO V40 CROSS COUNTRY
Í BRIMBORG

MADE BY SWEDEN
VOLVO.IS



Volvo V40 Cross Country er knúinn sparneytinni og aflmikilli tveggja lítra dísilvél sem skilar 120 hestöflum. Volvo V40 fékk hæstu einkunn sem hefur verið gefin í öryggisprófunum Euro NCAP. Hann er jafnframt ríkulega búinn staðalbúnaði eins og vélarhitara með tímastilli, loftkælingu, Volvo High Performance hjómtækjum, Bluetooth GSM simkerfi og hinu margverðlaunaða öryggiskerfi Borgaröryggi (City Safety). Á bílnum eru glæsilegir Cross Country þakbogar og hann kemur á völdugum 16" Geminus álfelgum. Eldsneytisnotkun (beinskiptur/sjálfskiptur) í blönduðum akstri er 3,7/3,9 l/100 km og CO₂ losun er 96/101 g/km. Volvo V40 Cross Country dísil beinskiptur uppfyllir þau skilyrði sem þarf til að fá frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur. Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



Blómaverkstæði Binna var starfrækt við Skólavörðustíg í Reykjavík.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Blómaverkstæði Binna lokað eftir 26 ára rekstur

Blómaverkstæði Binna við Skólavörðustíg 12 hefur verið lokað eftir 26 ára starfsemi. Þetta staðfestir Hendrik Berndsen, betur þekktur sem Binni, í samtali við Markaðinn. Búðinni var lokað þann 1. október. Aðspurður vildi Binni ekki ræða hvers vegna ákveðið hefði verið að loka. „Það er bara ósköp eðlilegt, ég er ekkert að ræða það neitt,“ segir Binni. Blómaverkstæði Binna var

» Blómaverkstæði Binna hætti starfsemi þann 1. október síðastliðinn.

ein þekktasta blómabúð Reykjavíkur og hafði Binni staðið blómavaktina lengur en flestir aðrir í Reykjavík. Hringbraut greindi frá því í ágúst að búðin væri til sölu. –sg



Yrsa Sigurðardóttir hagnaðist um 21 milljón króna árið 2014.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURJÓN RAGNAR

Arnaldur hagnaðist sexfalt meira en Yrsa

Yrsa Sigurðardóttir ehf., sem er í eigu glæpasagnahöfundarins Yrsu Sigurðardóttur, hagnaðist um 21,9 milljónir króna árið 2014, samkvæmt samandregnum ársreikningi sem birtur var á dögunum. Hagnaðurinn jókst um 12 milljónir króna milli ára.

Áður hefur verið greint frá því að Gilhagi, eignarhaldsfélag Arnaldar Indriðasonar, hagnaðist hins vegar um 121 milljón króna á síðasta ári, eða sexfalt meira. Hagnaðurinn jókst um tæpar 40 milljónir milli ára.

Eigið fé Gilhaga í árslok nam 629 milljónum króna og hækkaði um 120 milljónir milli ára. Ekki var greiddur út arður. Eigið fé Yrsu Sigurðardóttur ehf. í árslok 2014 nam 23 milljónum króna og hækkaði um fjórar milljónir milli ára. Sautján milljóna króna arður var greiddur út.

Áætla má að stór hluti hagnaðarinn komi frá bókum höfundanna. Yrsa gaf út bókina Lygi árið 2013 og DNA árið 2014. Arnaldur gaf út Skuggasund árið 2013 og Kamp Knox árið 2014. –sg

Bertrand Kan vill taka sæti í stjórn Símans

Bertrand Kan segir segir Símann ekki stærsta fyrirtæki sem hann hafi fjárfest í. Stærð fyrirtækisins hafi sína kosti. Hefur áhuga á að setjast í stjórn fyrirtækisins.

„Ef ég yrði beðinn um það þá myndi ég sannarlega hafa áhuga,“ segir fjárfestirinn Bertrand Kan, spurður hvort hann hafi hug á að taka sæti í stjórn Símans. Kan er í forsvari fyrir félagið L1088 ehf. Það er félag sem keypti fimm prósentu hlut í Símanum í aðdraganda útboðs.

Kan hefur fylgst með Símanum frá árinu 2004, þegar hann var helsti ráðgjafi Morgan Stanley í að einkavæða fyrirtækið. Um nokkurra áratuga skeið hafa fjárfestingar í fjarskipta-, fjölmiðla- og tæknifyrirtækjum verið hans sérsvið. Hann situr meðal annars í stjórn spænska fjarskiptafélagsins Cellnex. Hann segir Símann ekki vera stærsta fyrirtækið sem hann hafi fjárfest í. En stærð Símans hafi sína kosti. „Stóru fyrirtækin eru alltaf svolítið eins og stór olíuskip. Það er erfitt að breyta um kúrs. Síminn er miklu auðstýranlegri,“ segir Kan.

Kan segir að Síminn starfi líka á breiðari grundvelli en mörg önnur fyrirtæki. „Það hefur starfað á fjölmiðlamarkaði um nokkurra ára skeið. Það hefur líka verið sneggra en mörg önnur fyrirtæki að tileinka sér starfsemi á stafræna markaðnum og með tónlistarveitum,“ segir Kan. Hjá Símanum átti menn sig á þeim fjölmörgu tækifærum sem felst í internetinu og það líki honum.

Kan segir að það hafi verið hugmynd stjórnenda Símans að hann kæmi að fjárfestingu í fyrirtækinu með þeim. „Mér hefur líkað vel við Símann í þau rúmu tíu ár sem ég hef þekkt fyrirtækið. Ég sagðist því vera áhugasamur og þannig byrjaði það,“ segir Kan. Hann vill ekki greina frá því hvað hann persónulega keypti stóran hlut. „Mér finnst það ekki skipta máli. Ég er ekki stærsti hluthafinn í hópnum og ekki sá minnsti. Ég er í miðjunni og er hluti af hópnum.“

Aðdragandinn að útboðinu hefur verið gagnrýndur harðlega. Bæði vegna þess að fjárfestahópurinn sem Kan tilheyrir keypti á genginu 2,5 á hlut og einnig þar sem bankinn seldi vildarviðskiptavinum sínum hlut á 2,8 fyrir útboðið. Vegið meðalgengi í útboðinu var hins vegar 3,33 á hlut. Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra, er einn þeirra sem hafa gagnrýnt söluferlið og kallað það klúður.

Kan segist hafa orðið var við gagnrýnina. Hann bendir á að hópurninn hafi samið um hlutinn fyrir síðasta sumar. Ómögulegt hafi verið að sjá hvernig útboðið myndi fara. „Þótt við hefðum haft væntingar um það hvernig útboðið færi höfðum við enga vissu. Þetta varð niðurstaðan,“ segir Kan. Í öðru lagi



Bertrand Kan kynntist Símanum fyrst í einkavæðingarferlinu.

» Mér hefur líkað vel við Símann í þau rúmu tíu ár sem ég hef þekkt fyrirtækið. Ég sagðist því vera áhugasamur og þannig byrjaði það.

lúti hlutabréfin sem fjárfestahópurinn keypti ekki sömu leikreglum og þau sem voru seld í útboðinu.

„Vegna þess að hluti samningsins var að við myndum ekki selja þau fyrr en 2017. Það er gott að sjá að bréfin hafa hækkað í verði en hagnaðurinn er aðeins á blaði og markaðir hreyfast upp á við og niður,“ segir Kan. Það sé því ekki hægt að segja fyrr en árið 2017 hversu góð fjárfestingin var. Fólk sem keypti í útboðinu geti hins vegar keypt og selt hvenær sem það vill. „Ég vil gjarnan sjá að fólk beri saman epli og epli. Sölbannið kemur hins vegar ekki illa við mig þar sem ég sé bréfin sem langtímafjárfestingu.“ jonhakon@frettabladid.is

Verk og vit

2016

Íslenskur byggingariðnaður,
skipulagsmál og mannvirkjagerð
Laugardalshöll 3.–6. mars

Verður þitt fyrirtæki með?



Nánari upplýsingar á verkogvit.is

PORT.hönnun

Opinn kynningarfundur fimmtudaginn 5. nóv. kl. 9 í Laugardalshöll.

Vinsamlega tilkynnið þátttöku á kynningarfundinn á verkogvit@verkogvit.is eigi síðar en þriðjudaginn 3. nóvember.

SAMSTARFS-ADILAR



ÁTVINNVEGA- OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ





ÍSLENSKA ÓPERAN

Rakarinn frá Sevilla

ROSSINI



„Tónlistarflutningur hjómsveitar Íslensku óperunnar undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar var óaðfínanlegur og kórinn skilaði sínu vel.“

– DV

„Í heildina séð er Rakarinn frá Sevilla í uppsetningu Íslensku óperunnar hin dásamlegasta skemmtun, stórfyndin og fallega framsett, vel sungin og frábærlega leikin.“

– DV

„Largo al factotum, búffóarían víðfræga, stóð ekki í Oddi Arnþóri Jónssyni barítón sem Figaró, þótt orkan og tæknin sem árian útheimtir sé ærin. Að fylla Eldborgina með hliðarómrymin í hálfá gátt er í raun afrek af ekki reyndari söngvara: Oddur var í raun stjarna kvöldsins!“

– Fréttablaðið

„Bjarni Thor í hlutverki læknabúrans sýndi meistara-takta í söng og leik, í senn aumkunarverður og drepfyndinn upp allan tilfinningaskalann ... Í arúnni A un dottor della mia sorte fór Bjarni á kostum í nettu taugalosti, teygði kaffi milli sönghendinga á leifturhraða og gaf skipanir.“

– Morgunblaðið

„Óhætt er að segja að hann (Oddur Arnþór Jónsson) hafi átt sýninguna, hann var hreint úr sagt magnaður. Röddin var dásamlega jöfn á öllum sviðum, hún var kraftmikil og fókuseruð; stöðug, en umfram allt unaðslega fögur.“

– Morgunblaðið



MIÐASALA Í HÖRPU OG Á TIX.IS / WWW.OPERA.IS

TAKMARKAÐUR
SÝNINGAFJÖLDI

- næstu sýningar -

Föstud.	30. okt.	20.00
Sunnud.	8. nóv.	20.00
Föstud.	13. nóv.	20.00





Svava Johansen, eigandi NTC, er bjartsýn eftir nokkur mögur ár. Hún vonast til að feitu árin séu á næsta leiti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Verzlunum NTC fækkað um fjórðung

Rekstur NTC hefur verið erfiður síðustu ár. Verzlunum hefur fækkað og velta minnkað. Hlutfjáruki á síðasta ári var tekinn að láni. Svava Johansen, eigandi NTC, horfir þó björtum augum fram á veginn. Uppgangur er í þjóðfélaginu og verðið lækkar eftir áramótin.

Ingvar Haraldsson
ingvar@frettabladid.is



NTC er risi á fatamarkaðnum. Um tíunda hver króna sem Íslendingar verja í fatakaup hér á landi rennur til fyrirtækisins. Félagið hefur stundað fataverslun frá árinu 1976 og er með um 150 starfsmenn. Velta þess nam 1,8 milljörðum í fyrra þar sem það seldi ríflega þrjú hundruð þúsund flikur, um eina flik á hvern Íslending. Félagið rekur í dag 15 verslanir í um 5.000 fermetra verslunarrými auk saumastofu, heildsölu og netverslunar.

NTC hefur þó átt undir högg að sækja síðustu ár. Félagið var rekið með 30 milljóna tapi á síðasta ári, fjögurra milljóna hagnaði árið þar áður og 89 milljóna tapi árið 2012.

Verzlunum fækkað

Þegar mest var rak NTC tuttugu verslanir en félagið lokaði nú síðast versluninni Deres og þær eru nú orðnar fimmtán. „Eftir hrun breyttust aðstæður á Íslandi. Fólk átti

Lykiltölur í rekstri NTC

	2010	2011	2012	2013	2014
Rekstrarreikningur					
Rekstrartekjur alls	2.219.557	2.006.195	1.922.694	1.892.772	1.830.842
Rekstrargjöld alls	2.180.878	2.254.818	2.006.387	1.897.139	1.826.696
Rekstrarhagnaður	38.679	-248.623	-83.693	-4.367	4.146
Hagnaður eftir skatta	21.037	457.267	-89.833	4.220	-30.389
Efnahagsreikningur					
Eignir	1.249.073	910.458	744.319	698.558	800.208
Skuldir	1.733.052	867.170	790.864	740.883	722.923
Eigið fé	-483.979	43.288	-46.545	-42.325	77.285

minni pening og það var ekki eins mikið góðæri og var og við urðum að aðlagast því eins og mörg fyrirtæki,“ segir Björn Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri NTC og eiginmaður Svövu. Rekstrartekjur NTC árið 2010 námu 2.200 milljónum króna og hafa því dregist saman um 17,5 prósent síðustu fimm árin. Þegar mest var á árunum fyrir hrun seldi NTC um 440 þúsund flikur á ári, það hefur hins vegar dregist saman, árin 2009-2011 fór fatasalan niður í 350-370 þúsund

flikur og var um 300 þúsund flikur á síðasta ári.

Erfitt að eiga við H&M

Svava Johansen, eigandi NTC, segir tapið í fyrra að stórum hluta skýrast af erfiðum samningum við erlenda birgja um lágmarksinnkaup á ákveðnum vörumerkjum. Félagið sé nú laust út úr þessum samningum og hún horfi því björtum augum fram á veginn. „Árið í ár lítur mjög vel út. Það er kaupmáttaraukning

Í lok ársins 2008 og árið 2009 voru svo margir að koma frá slita-stjórnunum og öðrum málum tengdu bankahruninu sem voru með glampa í augunum af því það var allt á hálfvirið fyrir þá. Þeir keyptu oft fyrir hundruð þúsunda í einu.

Svava Johansen, eigandi NTC

í þjóðfélaginu og við finnum fyrir henni,“ segir Svava. Almennitur sé farinn að kaupa dýrari vöru á ný. Þá sé stefnt að verðlækkunum eftir að tollar á fatnað og skó falla niður um næstu áramót. Auk þess sé verslun erlendra ferðamanna farin að aukast.

Hins vegar sé erfitt að eiga við verslun Íslendinga erlendis. „25 prósent af allri fatasölu til Íslendinga fer til H&M sem er ekki með verslun á landinu,“ bendir Svava á. Þetta sé þó eitthvað sem íslenskir kaupmenn hafi mátt venjast undanfarin ár.

Hlutfjáruki tekinn að láni

Svava á sjálf 39 prósentu hlut í félaginu en á 61 prósentu hlut í gegnum Sautján ehf. sem einnig er í hennar eigu. Sautján var stofnað árið 2009 og sér um rekstur húsnæðis og leigusamninga fyrir NTC auk þess að flytja inn og selja skó hér á landi. Hún eignaðist NTC að fullu árið 2005 þegar hún keypti fyrrrerandi eiginmann sinn, Ásgeir Bolla Kristinsson, út úr félaginu.

Eigið fé félagsins var neikvætt á árunum 2012 og 2013 um ríflega 40

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



Fékk nóg einn daginn
Þegar Órvar Snær Þrastarson var 24 ára vó hann 150 kíló. Á einu ári missti hann 45 kíló með hjálp bróður síns.
SÍÐA 2

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél **12 kg** þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur
heitt og kalt vatn Afkastamikill
þurrkari >

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



Amerísk gæðavara

Amerísk gæðavara



FALLEG BORG Guðmundur kolféll fyrir Siracusa.

MYND/AGOSTINO SELLA

ÍS Á HVERJUM DEGI

UPPÁHALDSBORGIN Guðmundur Pálsson þvældist um Evrópu ásamt fjölskyldunni síðasta ár. Hann segir hér frá uppáhaldsborginni sinni.

Hver er uppáhaldsborgin þin og af hverju? Í augnablikinu er það Siracusa á Sikiley, nánar tiltekið eyjan Ortigia – en sá hluti borgarinnar er á heimsmínjaskrá UNESCO. Grikkir stofnuðu þessa borg fyrir hátt í þrjú þúsund árum og hún er full af fornminjum, eldgömlum mannvirkjum og sögu. Við vorum þar fjölskyldan í tvo mánuði í fyrra þegar við fórum í átta mánaða ferðalag, aðallega um Evrópu. Ortigia er bara með fallegustu stöðum sem ég hef heimsótt. Sikiley er líka svo kaótísk og gölluð – en líka full af lífi og menningu. Við vorum þarna í þessa tvo mánuði. Þetta var bara ást við fyrstu sýn.

Hvernig eru heimamenn? Þeir eru ekkert að springa úr áhuga á að kynna íslenskum túristum. En þegar maður nær aðeins í gegn þá eru þeir ósköp ljúfir.

Hvernig er maturinn? Ofboðslega góður. Frábær matur á veitingastöðunum og yfirleitt margir réttir. Fyrst alls kyns forréttagúmulaði; ostar, skinkur, ólífur, grænmeti. Svo besta pasta í heimi. Síðan kjöt eða fiskur og að lokum eitthvað sætt með bolla af espresso. Við fórum stundum flatt á að borða of mikið og vera orðin þakksödd eftir tvo bita af pastanu. Svo er líka mjög gaman að fara á matarmarkaðinn sem er haldinn daglega niðri við gömlu höfnina. Þangað koma sjómenn með ferskan fisk á morgnana, svo er hægt að fá þá ávexti og það grænmeti sem er verið að taka upp á hverjum árstíma. Og auðvitað pasta og kjöt og ólífur og krydd og olíur og osta og brauðmeti og kökur og svo framvegis.

Áttu uppáhaldsveitingastað í borginni? Kannski ekki



FJÖLSKYLDUÆVINTÝRI Guðmundur Pálsson og Margrét María Leifsdóttir ferðuðust um Evrópu með börnin. Þau dvöldu í tvo mánuði í borginni Siracusa á Sikiley. MYND/ÚR EINKASAFNI

alveg í borginni, en nálægt. Það er veitingastaður sem er fyrir utan borgina, uppi í hæðunum í svona hálf tíma akstursfjarlægð og heitir Pantalica Ranch. Þar er fjölbreytt ferðabjónusta og alveg hreint frábær matur.

Hvernig er veðrið? Við vorum þarna að vetri til, frá nóvember til janúar, og fengum eflaust versta veður sem Sikiley hefur upp á að bjóða. Það var yfirleitt svona um 15 gráður og sól. Um áramótin varð reyndar nógu kalt til að það snjóaði í fyrsta skipti í mjög langan tíma. En veðrið var yfirleitt gott. Á sumrin verður mjög heitt og nær alltaf sól. Svo er mjög gott veður þarna á haustin og vel hægt að fara í sjóinn langt fram í október.

Ennþá öflugra D-vítamín

Munnúði - tryggir hámarksupptöku

- Spreyjað undir tungu
- Engar töflur til að kyngja
- Einfalt og braðgott
- Tryggir hámarksnytingu



3ja mánaða skammtur

Fæst í apótekum, heilsuþúðum og stórmörkuðum

STÖÐ 3
+ENDALAUST TAL
+1 GB Í GSM
1.990 kr.
til 1. nóvember*

3

**FÁÐU STÖÐ 3
Á BETRA VERÐI
Í HAUST**

Fáðu þér áskrift í
síma 1817 eða á **365.is**

*Gildir fyrir eina áskrift. Viðskiptavinir sem taka þessu tilboði fyrir 1. nóvember halda þessum kjörum í eitt ár.

HREINDÝR Í JÓLAFÖTUM



Hreindýraborgari í hátíðarbúningi er jólaborgari Texasborgara við Grandagarð.

„Þetta er safarík villibráð í girnilegri útfærslu og kostar ekki nema 1.490 kr.“ segir Magnús Ingi Magnússon veitingamaður. Hreindýraborgarinn er stór eins og allir Texasborgarar, eða 140 g. „Við berum hann fram í hamborgarabrauði með trönuberjarjónaosti, grænmeti og djúpsteiktum laukstráum og franskari fylgja að sjálfsögðu með.“

**2
FYRIR
1**

af Texas-
ostborgurum með
frönskum gegn fram-
vísun þessa miða.

Aðeins 1.290 kr.
fyrir tvo.

Klipptu miðann út og
taktu hann með þér.

Gildir til 15.12.2015.

Allt um Texasborgara á
texasborgarar.is og líf og fjór
er á Facebook-síðunni.

TEXASBORGARAR

**VITAR OG
VÖLUNDARHÚS**

–Vegferð fjölskyldna langveikra barna um þjónustukerfið.

Málþingið 30. október kl. 14.00 á Hilton Nordica
Dagskrá og skráning á www.umhyggja.is.

**ADGANGUR
ÓKEYPIS**

Umhyggja
–félag langveikra barna



➔ **Viltu ljóstra upp um einhverjar leyndar perlur í borginni?** Þetta er borg hinna mörgu ísbúða. Við borðuðum sennilega ís þarna á hverjum degi. Og hann er bestur í ísbúðinni við dómkirkjutorgið. Þar er líka lengsta biðröðin. Líka í janúar. **Hvernig er best að njóta borgarinnar?** Með augun opin.

Hvernig er best að komast þar um? Á hjóli, gangandi eða með almenningsamgöngum? Þau eru ekki hrifin af bílum í Ortigia og maður þarf sérstakt leyfi til að vera á bíl, sem maður sækir bara um hjá löggunni og fær. En þá þarf maður líka að vera með bílastæði. Við leigðum bara fast stæði í bílastæðakjallara. Götturnar eru líka fáránlega þröngar. Almenningsamgöngur eru lélegar, eins og alls staðar á Sikiley held ég. Það er reyndar ókeypis túristastrætó frá rútimiðstöðinni í Siracusa og hringinn í kringum Ortigia. Hins vegar er ekkert mál að vera gangandi þarna, enda lítil eyja. Og eiginlega ekkert vit í öðru en að labba þarna um.

Áttu einhverja skemmtilega sögu úr borginni, einhverja uppákomu? Fólkið þarna er kaþólskara en páfinn og ýmsar hátíðir og uppákomur. Eina nóttina vöknudum við um klukkan fjögur við lúðrasveit fyrir utan gluggann hjá okkur. Þetta var bara í miðri viku. Þá hafði verið messa klukkan þrjú um nóttina til að marka upphafið að getnaðarhátið Maríu. Svo var líkneskið af Maríu borið út úr kirkjunni, sem var bara fyrir framan gluggann okkar og svo þrammaði nokkur hundruð manna skrúðganga um götturnar í svona í klukkutíma. Þá var Maríu skilað aftur í kirkjuna og hópurinn skemmti sér fyrir utan svefnherbergisgluggann okkar til klukkan sjö um morguninn. Svo þegar leið að jólum voru alls kyns seremóníur og skrúðgöngur á ýmsum tímum sólarhringsins og hin og þessi líkneski borin um götturnar. Mjög skemmtilegt. Til dæmis var flogið með bein heilagrar Lúsíu frá Feneyjum og þeim komið fyrir í dómkirkjunni í nokkra daga, eftir heilmikla skrúðgöngu með tilheyrandi lúðrablæstri og trommuslætti. Þar var hægt að panta einkatíma með beinunum og spjalla við Lúsíu um vandræði sín, drauma og þrjár.

MARKAÐUR Girni-
legur matarmarkaður
í Siracusa.
MYND/GIOVANNI DALL'ORTO,

„Svo er líka mjög gaman að fara á matarmarkaðinn sem er haldinn daglega niðri við gömlu höfnina. Þangað koma sjómenn með ferskan fisk á morgnana, svo er hægt að fá þá ávexti og það grænmeti sem er verið að taka upp á hverjum árstíma.“



GÓÐ RÁÐ „Ég vildi óska þess að ég hefði hlustað fyrr á hann því að það hefði bjargað mér frá meiriháttar vanlíðan,“ segir Örvar Snær Prastarson sem léttist um 45 kg á einu ári. MYND/ANTON

EINFALDARA EN MARGIR HALDA

OF PUNGUR Örvar Snær var orðinn 150 kíló þegar hann sneri við blaðinu síðasta sumar og léttist um 45 kg á einu ári með hjálp bróður síns.

Fyrir nokkrum árum var fátt sem benti til þess Örvar Snær Prastarson myndi glíma við offitu á lífsleiðinni. Hann æfði körfubolta og var í ágætu formi lengi vel. Smátt og smátt fór að síga á ógæfuhliðina og síðasta sumar var líf hans komið á endastöð. Þá var hann aðeins 24 ára gamall en vó um 150 kg og var með snert af þunglyndi. Með hjálp eldri bróður síns, Víðis Þórs Prastarsonar sem er íþrótt- og heilsufræðingur, sneri hann blaðinu við og hefur á einu ári misst um 45 kg og breytt um lífsstíl. „Ég veit ekki hvað nákvæmlega gerðist síðasta sumar en ég var gjörsamlega búinn að fá nóg og brotnaði saman. Ég sendi bróður mínum skilaboð þar sem ég bað um hjálp enda vissi ég að ég gæti ekki gert þetta einn.“

MIKLADI HLUTINA FYRIR SÉR

Aðdragandi offitu Örvars var langur. Hann vann lengi í tveimur störfum og festist í ákveðinni rútinu. „Ég hreyfði mig lítið og freistaðist til að borða skyndibitamát í flest mál og alltaf var stutt í nammi og gos. Auk þess tók djammað líka sinn toll með tilheyrandi bjórþambi og skyndibitaáti.“ Andleg líðan Örvars versnaði samfara aukinni þyngd og hann svaf illa eða jafnvel ekki neitt. „Mér leið mjög illa, veiktist oft og var kominn á lyf til þess að vinna á móti þunglyndinu. Ég greindist einnig ungar með ofvirkni og athyglisbrest sem komst á sitt versta stig þegar ég var orðinn svona þungur á mér bæði líkamlega og andlega.“

Undir styrkri stjórn bróður síns fóru hlutirnir að breytast til betri vegar. Örvar segist í fyrstu hafa miklað þetta fyrir sér og haft mestar áhyggjur af því að þurfa eingöngu að borða grænmeti og safa. „Það fyrsta sem Víðir bað mig að gera var að taka út nammið og gosið og það eitt bar strax árangur. Í framhaldinu tók ég út hveiti, mjólk og sykur. Í raun var þetta alveg sáraeinfalt, út með ruslið og inn með alvöru ferskan



mat. Síðan byrjaði ég rólega að hreyfa mig. Þetta gerðist í raun í nokkrum skrefum og óttinn sem ég hafði var með öllu ástæðulaus. Ég vildi óska þess að ég hefði hlustað fyrr á hann því að það hefði bjargað mér frá meiriháttar vanlíðan.“

SÁTTUR VIÐ LÍFIÐ

Örvar segist sjá margt fólk í kringum sig á svipuðum aldri sem glímur við skyld vandamál. „Það sem ég vil segja við þennan hóp er að þetta er miklu einfaldara en margir halda. Bara smá breyting á mataræði og hreyfing daglega breytir strax miklu. En góður árangur tekur tíma, hann næst ekki á einni viku.“

Í dag stundar Örvar hreyfingu á hverjum degi. „Ég forðast allt hveiti, sykur og mjólk og borða mikið af kjúklingi og sætum kartöflum með grænmeti. Milli mála reyni ég að drekka holla drykki og síðast en ekki síst þá reyni ég að taka 20 mínútur á dag fyrir sjálfan mig til að bæta andlega heilsu og vellíðan. Núna er ég orðinn mikið léttari á mér bæði andlega og líkamlega. Ég er sáttur við sjálfan mig og mig líður mjög vel og ég ætla að halda áfram að bæta sjálfan mig og vera eins heilbrigður og hægt er að vera.“

■ starri@365.is

BRÆÐUR Hér er Örvar ásamt bróður sínum, Víði Þór, sem hjálpaði honum að komast á beinu brautina.

FÉKK NÓG

„Ég veit ekki hvað nákvæmlega gerðist síðasta sumar en ég var gjörsamlega búinn að fá nóg og brotnaði saman. Ég sendi bróður mínum skilaboð þar sem ég bað um hjálp enda vissi ég að ég gæti ekki gert þetta einn.“

Tilboð 27. okt - 1. nóv

BURRITO

Með nachos, ostasósu og gosi

1.790 KR

Culiacan
MEXICAN GRILL

Suðurlandsbraut 4 533 1033 culiacan.is

Vissir þú að...

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

börn eiga rætt
að leika sér

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434
Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

Femarelle®

Náttúruleg lausn við áhrifum tíðahvarfa

Staðfest með rannsóknum sl. 14 ára -
vinnur á einkennum tíðahvarfa kvenna.
Inniheldur staðlað tofu extract, ekki erfðabreytt (GMO frítt)
Náttúruleg lausn fyrir konur án hormóna.



„Léttara skap og betri svefn“

-Bryndís Guðmundsóttir

„Allt annað líf og betri svefn“

-Soffía Káradóttir

„Femarelle bjargaði líðan minni“

-Valgerður Kummer Erlingsdóttir

„Laus við verkjalyfin - þvílíkur munur“

-Kolbrún Jóhannsdóttir

BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLAHÖLLIN

S: 567-4949



Kia Sportage Ex 4x4 Diesel 1/2015 ek.46þús. Dísel. Sjálfskiptur. Skoðar skipti á ódyrara. TILBOÐSVERÐ 5.390.000.- Rnr.151283



Honda CR-V Executive 5/2011 ek.66þús. Sjálfskiptur. Skoðar skipti á ódyrara. Ásett verð 4.390.000.- Rnr.287804



Toyota Corolla Wagon 1.6 VVTi 5/2013 ek.175þús. Sjálfskiptur. TILBOÐSVERÐ 690.000.- Rnr.287763

Bílahöllin
Bíldshöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
www.bilahollin.is



MMC L200. Árgærd 2007,ekinn aðeins 99.þ km, dísel, 5 girar. er á staðnum. Verð 1.890.000. Rnr.352873. S:562-1717.



MMC PAJERO INTENSE.Árgærd 2007,ekinn 167.þ km,dísel, sjálfskiptur,litur vel út,er á staðnum. Verð 3.790.000. Rnr.127279.

Bílalíf
Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opíð 10-18 virka daga
www.bilalif.is



Ábendingnappinn má finna á www.barnaheill.is



BORGARBÍLASALAN



2014 ÁRGERÐ

LAND ROVER Discovery S ekinn aðeins 44 P leður 7 manna Verð 11.980.000. Rnr.450196. 580-8900



BESTA VERÐIÐ

MMC Pajero instyle 2012 hlaðinn búnaði besta verðið 5.880.000. Rnr.470059.sími 580-8900



2012 ÁRGERÐ 7 MANNA

LAND ROVER Discovery ekinn aðeins 76 þ km leður 7 manna besta verð 8.990.000. Rnr.104144. 580-8900

Borgarbílasalan
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 580 8900



TOYOTA Yaris terra. Árgærd 2013, ekinn 83 Pkm, dísel, 5 girar. Verð 1.690.000. Rnr.991116.



MERCEDES-BENZ GLA 200 CDI 4matic. Árgærd 2015, ekinn 12 Pkm, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.790.000. Rnr.991507.



Kia Sorento EX classic . Árgærd 2014, ekinn 44 Pkm, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.990.000. Rnr.280064. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



AUDI Q7 quattro s line. Árgærd 2011, ekinn 78 Pkm, dísel, sjálfskiptur. Verð 9.490.000. Rnr.991411.

ASKJA notaðir bílar
Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is

VAKA



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

Vaka
Skútuvogi 8, 104 Reykjavík
Sími: 567 6700
24 tíma þjónusta
<http://www.vakahf.is>



KRÓKUR

Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
<http://www.krokur.net>



ÚTSALA 1 EIGANDI !!!
TOYOTA AVENSIS SOL árg. 2005 ek.264 Pkm, sjálfskiptur, álfelgur, 100% þjónusta og smurbók, möguleiki á 100% Vísaláni, tilboðsverð 790 Þús !! gsm 893-9500




ÚTSALA 1 EIGANDI !!!
HONDA CRV ELEGANCE árg. 2007 ek.148 Pkm, sjálfskiptur, álfelgur, 100% þjónusta og smurbók, tilboðsverð 1990 Þús !! gsm 893-9500



ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA !
VW PASSAT TURBO árg. 2001 ek. 271 Pkm, 5 girar, topplúga, álfelgur, aukafelgur, sumar og vetrardekk, möguleiki á 100% Vísaláni, tilboðsverð 390 Þús !! gsm 893-9500

Bíll.is
Sími: 577 3777
www.bill.is



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vinnuvéla-
Bifreiðar- og
Hafa áhrif á barn.



Nissan Leaf Tekna, 6/2015, Nýr bíll, Ókeinn, Leður, Sólarsetla og fl. Ásett verð 3850 þús, er ástaðnum, raðnr 210175.

100 bílar ehf
Í miðbæ Mosfellsbæjar,
Sími: 517 9999
Opíð 10-18.00 virka daga. Lokað á laugard.
www.100bilar.is



renault megane 2001. Beinskiptur, ekin 150.000. Verð 199.þ s: 616 2597



Citroen. árgærd 2005. Beinskiptur, ekin 170.000 verð 399.þ s: 616 2597

Nissan Primera SLX árg '99, beinskiptur, sko '16, ek. 195 þús. Ásett verð 250 þús. Uppl. í s. 555 3403 og 842 5503 Guðmundur



AYGO SPARIBAUKUR - TILBOÐ
TOYOTA AYGO árg 2006 ek.163 þús, sk.16, beinskiptur, mjög sparneytinn ásett verð 790 þús TILBOÐ 590 ÞÚS möguleiki á 100% vísaláni í 36 man s.841 8955




STATION - TOPP EINTAKI!
FORD FOCUS TREND STATION árg '05 ek.125 þús, bsk, sk.16 ný kúpling. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Billinn má þarfnast lagfæringar og/ eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com



KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ MILLJÓN STGR!!

Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 1.000.000. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Billinn má þarfnast lagfæringar og/ eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com



TILBOÐ ÓSKAST Í RENAULT MASTER árg 2008, ekinn 183.000 km. með bílaðan girrkassa. Bifreiðin er til sýnis að Hólamslóð

8-10 í Reykjavík.
Upplýsingar í síma 550 9946 / 860 6884



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.



Hágæða bandarískar vökvadrifnar bílalyftur.
Stál og Stansar ehf.
VAGNAHÖFÐI 7 • Sími 517 5000
stalogpitanar@stalogpitanar.is



FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.



Startarar & alternatorar í bíla, báta og vinnuvélar



Bílaraf
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is



Erum að rífa flestar teg. frá asíu og evrópu árg. '99-13. Kaupum flestar teg. bíla. Opíð 8-18 virka Dalshraun 26, 220 hfj. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is



Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Pólo, Yaris, kangoo. Renni diskar og skálar. Sérgræn bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

Yfir 13.000 eignir á skrá

fasteignir.is á visir.is



Staðsetning verslana NTC

MIDBÆRINN
Fló & Fransí
Klapparstig 44
Eva
Laugavegi 26

KRINGLAN
Focus
Gallerí 17
GS skór
Kultur menn
Kultur
Smash
Urban
Companys

SMÁRALIND
Focus
Gallerí 17
Karakter konur
GS skór

150 manns
starfa hjá NTC

FAXAFEN
Outlet 10
Faxafeni 10

NTC.is

Minni áhugi á netverslun

Svava segist sjá mun á verslunarhegðun Íslendinga síðustu árin. „Netverslunin var mjög spennandi á tímabili en mér finnst hún vera frekar að dvína og er ekki eins vinsæl og hún var. Auðvitað veit maður að auðvitað er spenningur í öllu svona til að byrja með. En það er hentugleikinn sem skiptir máli, í öðrum vörum á borð við flugmiða og bækur og aðrar pantaðar sérvörur mun það lifa. En í fatnaði vill fólk vill eiga skemmtilegan dag, versla og fá sér að borða saman, því þetta er viss skemmtun,“ segir hún. Þá spili inn í að vöruúrvalið á Íslandi sé að aukast á ný.

Þetta er gert með það í huga að Sautján tekur lánið og er í sínum rekstri og getur alveg séð um þau lán.

Svava Johansen, eigandi NTC

milljónir króna. Í ársreikningi síðasta árs var eigið fé orðið jákvætt um 77 milljónir króna eftir 150 milljóna hlutafjárukningu frá Sautján ehf. Sautján hafði ekki greitt hlutféð um áramótin heldur var um svokallað hlutafjárloforð að ræða. Svava segir að búið sé að greiða hlutféð sem fjármagnað hafi verið með lántöku. Ef ekki hefði komið til hlutafjárukningarinnar væri eigið fé NTC neikvætt um ríflega 80 milljónir króna. „Þetta er gert með það í huga að Sautján tekur lánið og er í sínum rekstri og getur alveg séð um þau lán.“

Slitastjórnarmenn versluðu duglega Í kjölfar bankahrunsins hækkuðu erlend lán NTC verulega. Árið 2007 námu skuldir félagsins 1,1 milljarði króna og var eigið fé þess jákvætt um 250 milljónir króna. Svava segir reksturinn sem slíkan hafa gengið vel þótt félagið hafi skilað tapi 2008 og 2009 en rekstrarhagnaður áður en til afborgana af skuldum kom nam um 164 milljónum fyrra árið og 104 milljónum síðara árið. „Í lok ársins 2008 og árið 2009 voru svo margir að koma frá slitastjórnunum og öðrum

málum sem tengdust bankahrununu sem voru með glampa í augunum af því að það var allt á hálfvirið fyrir þá. Þeir keyptu oft fyrir hundruð þúsunda í einu,“ segir Svava. Árið 2010 höfðu skuldirnar hækkad í 1,7 milljarða króna. Endurskoðandi ársreiknings þess árs gerði fyrirvara við undirskrift sína að vafi gæti leikið á um rekstrarhæfi félagsins þar sem eigið fé félagsins væri orðið neikvætt um 484 milljónir króna og skuldir þess 943 milljónir umfram peningalegar eignir og bókfært fé. Skuldastaða félagsins lagaðist hins vegar verulega þegar NTC gerði samning við lánardrottina sína samhliða leiðréttingu á erlendum lánunum í desember 2011. Endurútreikningar erlendra lána félagsins lækkuðu skuldir þess um ríflega 900 milljónir króna eða niður í 867 milljónir króna. Samhliða því var skuldum félagsins breytt í íslenskar krónur og hlutfé þess aukið um 70 milljónir króna.

Fatabransinn sveiflukenndur Svava segir sifelldar sveiflur vera í fatabransanum. Hún hafi áður upplifað nokkur slæm ár en vísar þá stundum í sjálfa Bibliúna. „2008 hrundi allt og sjö árum seinna, 2015, ætli það verði ekki stærsta árið okkar. Það er sennilega svoleiðis, það eru sjö mögur ár og sjö feit ár,“ segir Svava. „Þetta er oft svolítill barningur en skemmtilegur og heldur manni á tánun. Ég tel mig mjög heppna að vera að gera það sem mér finnst skemmtilegt,“ segir hún að lokum.

Afmælisráðstefna
Sameinuðu þjóðirnar & UNESCO 70 ára
Iðnó, 30. okt. kl. 13-16

STERKAR SAMEINADAR ÞJÓÐIR – BETRI HEIMUR?

Afmælisráðstefna í tilefni af 70 ára afmæli Sameinuðu þjóðanna og UNESCO þar sem farið verður yfir þátttöku Íslands á sviði samtakanna í gegnum árin, rætt um ný heimsmarkmið SP og spurningunni hvort SP hafi mótað betri heim velt upp.



DAGSKRÁ:

Ávarp
Gunnar Bragi Sveinsson,
utanríkisráðherra

Árangur Íslands á sviði Sameinuðu þjóðanna
Gréta Gunnarsdóttir, sendiherra og fyrrverandi fastafulltrúi Íslands hjá SP

SP frá sjónarhóli fjölmiðla, frjálsra félagasamtaka, ungs fólks og fræðimanna

Pallborðsumræður um heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun
Próstur Freyr Gylfason, formaður Félags SP á Íslandi

KAFFIHLÉ

Ávarp
Illugi Gunnarsson,
mennta- og menningarmálaráðherra

UNESCO – hugsjón og nauðsyn
Dr. Sveinn Einarsson, leikstjóri og fyrrum stjórnarmaður í UNESCO


Tónlistaratriði með nemendum úr Landakotsskóla

Í starfi með UNESCO í 20 ár
Frú Vigdís Finnbogadóttir

Uppistand
Ari Eldjárn

Fundarstjóri er Sigríður Snævarr, sendiherra.

ALLIR VELKOMNIR



SVANÞÓR LAXDAL



Fjármálastjóri hjá Pipar\TBWA

Svanþór Laxdal hefur verið ráðinn fjármálastjóri hjá auglýsingastofunni Pipar\TBWA. Hann hóf störf í byrjun októbermánaðar. Svanþór tekur við starfi Önnu Svövu Sverrisdóttur sem hættir eftir um 25 ár í starfi. Svanþór er fæddur í Reykjavík árið 1979 og nam viðskiptafræði við Háskólann á Akureyri og stundaði meistaranám í stjórnun og stefnumótun við Háskóla Íslands. Svanþór hefur víðtæka reynslu úr auglýsingageiranum og starfaði í tíu ár hjá Expo auglýsingastofu og eitt ár hjá Vert-markaðsstofu.

Svanþór var snemma farinn að sýna markaðs- og sölumálum áhuga en hann var einungis 12 ára þegar hann var farinn að selja sjónvörp og önnur raftæki í Radióbúðinni, sem fjölskylda hans rak á sínum tíma. – jhh

JÓHANNES STEFÁNSSON



Jóhannes nýr aðstoðarmaður Illuga

Jóhannes Stefánsson hefur verið ráðinn aðstoðarmaður Illuga Gunnarssonar, mennta- og menningarmálaráðherra. Jóhannes er héraðsdómslögmaður og er með meistaraþráðu í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík, en hann stundaði einnig skiptinám við Kaupmannahafnarháskóla. Hann útskrifaðist með BA-gráðu í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík og stúdentspróf frá Verzlunarskóla Íslands. Jóhannes hefur starfað sem blaðamaður á Viðskiptablaðinu og Fréttablaðinu en einnig sem fréttamaður á fréttastofu Stöðvar 2. Hann hefur að auki starfað fyrir sendiráð Bandaríkjanna í Reykjavík, Arion banka og LEX lögmannsstofu. – sg



Stefán Thors, nýskipaður húsameistari ríkisins. Í baksýn er lóðin þar sem til skoðunar er að forsætisráðuneytið byggi nýtt húsnæði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Húsameistari ríkisins skoðar uppbyggingu stjórnarráðsreits

Stefán Thors, nýr húsameistari ríkisins, segir til skoðunar að ríkið reisi nýbyggingar á stjórnarráðsreitnum. Hann er mikill áhugamaður um verndun gamalla húsa og á með öðrum eitt elsta hús á Íslandi við Arnarstapa.

SVIPMYNDIN

STEFÁN THORS

Forsætisráðuneytið er með til skoðunar að reisa nýbyggingar undir ráðuneyti á stjórnarráðsreitnum, sem afmarkast af Ingólfsstræti, Skúlagötu, Klapparstíg og Lindargötu.

Stefán Thors, sem var í síðustu viku skipaður í nýtt embætti húsameistara ríkisins, segir stöðuna í húsnæðismálum stjórnarráðsins vera orðna erfða enda sé ráðuneytið dreift nokkuð víða. „Hugsanlega verður farið að huga aftur að gömlum hugmyndum og horfa svolítið á reitinn við Arnarhvol, Skúlagötu, Lindargötu. Það var á sínum tíma

arkitektasamkeppni um skipulag fyrir þetta svæði. Einn möguleiki er að fara að skoða þetta svolítið aftur og fara að safna saman ráðuneytinu dælitíð betur á afmarkað svæði,“ segir Stefán.

„Það er ákveðið óhagræði fölgid í málefnum stjórnarráðsins eins og það er í dag,“ bætir hann við.

Stefán leggur þó áherslu á að ekki sé verið að endurvekja embætti húsameistara ríkisins eins og það var þegar það var lagt niður fyrir átján árum. Guðjón Samúelsson arkitekt gegndi því embætti frá árinu 1920 og til dauðadags árið 1950. „Hér verða ekki teiknuð hús, en þetta er fyrst og fremst utanumhald um þessar fasteignir og áætlunargerð hvað það varðar,“ segir Stefán.

●● Það er ákveðið óhagræði fölgid í málefnum stjórnarráðsins eins og það er í dag.

Stefán Thors, húsameistari ríkisins

Hið nýja embætti mun yfirtaka ýmis verkefni sem fyrir eru í ráðuneytinu. Það mun sjá um eignir stjórnarráðsins, forsetaembættisins, ráðherrabústaðinn við Tjarnargötu og Þingvallabæinn. Þá mun embættið sinna öryggismálum á vegum forsætisráðuneytisins. „Þetta er svolítið í mótun. Við munum líka koma að eigendastefnu sem við erum að vinna

fyrir þjóðlendurnar,“ segir Stefán. Embættið mun ekki taka formlega til starfa fyrir en um næstu áramót.

Stefán, sem er menntaður arkitekt, hefur starfað í nær fjóra áratugi að skipulagsmálum hjá hinu opinbera eða frá árinu 1976. Hann var skipaður skipulagsstjóri ríkisins árið 1985 og forstjóri Samgöngustofu árið 2011. Þá var hann síðast ráðuneytisstjóri hjá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.

Stefán segir helstu áhugamál sín vera, smíðar, vernd gamalla húsa og ferðalög um náttúru Íslands. Hann á hús með öðrum á Arnarstapa sem byggt var á árabílinu 1780 til 1790 sem talsverður tími getur farið í viðhald á. Þá hefur hann mikinn áhuga á menningarmálum, leiklist og les mikið. ingvar@frettabladid.is

Sólarkísilverksmiðjan gæti stækkað í framtíðinni

Fyrri hluta fjármögnunar sólarkísilverksmiðju Silicor Materials á Grundartanga lauk um miðjan september. Til stendur að hefja framkvæmdir næsta sumar og að sögn Terry Jester, forstjóra Silicor Materials, bendir allt til þess að verksmiðjan muni fylgja áætlun og verða opnuð sumarið 2018. „Í bjartsýni minni tel ég að miðað við ódýrt framleiðsluverð, og það að við séum lítill leikmaður á þessu sviði, myndum við síðar meir vilja stækka við verksmiðjuna,“ segir Jester í viðtali við Markaðinn.

Áætlanir um sólarkísilverksmiðju Silicor Materials hófust fyrir fjórum árum. Þá stóð til að byggja hana í Bandaríkjunum. Vegna þess að selja átti kísilinn til Kína og erfiður verslunarágreiningur stóð milli ríkjanna

tveggja var ákveðið að leita annað og Ísland varð fyrir valinu. Jester segir að Ísland sé í raun fullkomna landið fyrir framleiðsluna. „Ég held að á Íslandi ríki gott jafnvægi milli þess sem möglegt er og nauðsynlegt er fyrir þróun landsins. Það er mikil fágun og framsækni sem einkennir jafnvægið milli þróunar og varðveislu hér á landi,“ segir Jester.

Aðspurð um gagnrýni sem áætlanir fyrirtækisins hafa hlotið frá umhverfis-sinum segist Jester telja að hún stafi af vanþekkingu. „Ég held að þetta sé bara þekkingarleysi, fólk á rétt á sínum skoðunum og það er hluti af okkar ábyrgð að fræða fólk um það hversu hrein og mengunarlaus okkar aðferð er. Við erum ekki eins og aðrar iðnaðarframleiðslur sem fela í sér mikla



Samningur við Silicor Materials var undirritaður fyrir á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

koltvísyringslosun eða mikla sóun. Við munum svo vinna í nánú samráði við bæjarráð Akraness,“ segir Jester.

Um 450 ný störf munu skapast við komu sólarkísilverksmiðjunnar. Hún segist meðvitund um að atvinnuleysi hér á landi sé lítið. „Við ætlum að ráða fyrirtæki á Íslandi sem hefur hjálpað öðrum framleiðslufyrirtækjum að manna störf og þjálfa nýja starfsmenn. Við munum hefja ráðningar næsta haust fyrir fyrstu störfin og svo byrja af alvöru að ráða í lok árs 2017,“ segir Jester.

Aðspurð segist Jester mjög jákvæð um framtíð fyrirtækisins á Íslandi. Hér sé gott fyrirtækjaumhverfi og landið uppfylli öll skilyrðin fyrir framleiðslu kísils, sér í lagi fríverslunarsamning við Kína. – sg



Um
1.000 klst.
af sjónvarpsefni
á Maraboninu

HÖRFÐU ÞEGAR ÞÉR HENTAR

Þú finnur **Klovn**, **Sopranos**, **Modern Family**, **The Third Eye**, allar fimm seríurnar af **Breaking Bad** og margt, margt fleira á **Stöð 2 Marabon**. Njóttu þess að horfa á þátt eftir þátt af uppáhaldsseríunum þínum, þegar þér hentar.

**STÖÐ 2 MARABON
FYLGR ÁSKRIFT
AÐ SKEMMTI-
PAKKANUM!**



Sveitarstjórnarmál



Rósa Guðbjartsdóttir formaður bæjarráðs í Hafnarfirði
Guðlaug Kristjánsdóttir forseti bæjarstjórnar í Hafnarfirði

Umbætur í Hafnarfirði

Niðurstöður ítarlegrar greiningar á fjárhag og rekstri stofnana Hafnarfjarðarbæjar liggja nú fyrir. Það var eitt af fyrstu verkefnum nýs meirihluta Sjálfstæðisflokks og Bjartrar framtíðar í bæjarstjórn að fá óháða ráðgjafa til þess verks. Ráðgjafarnir lögðu fram hundruð tillagna um hvernig bæta mætti reksturinn, ná fram meiri skilvirkni í kerfinu og almennt ráðstafa betur fjármunum bæjarbúa með betri nýtingu innviða í huga og án þess að skerða þjónustu til íbúanna. Nokkrar tillagnanna, einkum þær er lutu að breytingum á stjórnkerfinu, hafa þegar komið til framkvæmda. Meðal annars hefur rekstrar-, fjármála- og lögfræðistarf bæjarins verið styrkt. Aðrar tillögur hafa verið lagðar fram og eru til lýðræðislegrar umfjöllunar í viðeigandi ráðum, nefndum og/eða hjá stjórnarsýslu bæjarins.

Næðu allar tillögur ráðgjafanna fram að ganga er talið að árleg útgjöld gætu minnkað um allt að 600 milljónir króna.

Hafnarfjarðarbær hefur um árabíl verið í hópi allra skuldsettustu sveitarfélaga landsins. Fyrstu verk meirihluta Bjartrar framtíðar og Sjálfstæðisflokks voru því að ráða bæjarstjóra með sterkan grunn í rekstri og fjármálum sveitarfélaga og greina síðan tækifæri bæjarins til úrbóta á markvissan og ítarlegan hátt með aðstoð utanaðkomandi sérfræðinga. Í aðdraganda síðustu kosninga lá fyrir að brýnt væri að gera breytingar við stjórnun og rekstur sveitarfélagsins. Fyrir lá að sveitarfélagið hefði einfaldlega ekki borð fyrir báru kæmi til mikilla óvæntra útgjalda, vegna þungar skuldastöðu. Nýlegar og fyrirsjáanlegar launahækkanir og auknar lífeyrisskuldbindingar eru því mikil áskorun fyrir Hafnarfjarðarbæ.

Nýr meirihluti gerði sér grein fyrir því að viðsnúningur í fjárhag bæjarins yrði eitt af stóru verkefnum á kjörtímabilinu. Nú er hins vegar ljóst að róðurinn er mun þyngri en áætlanir á síðasta kjörtímabili gerðu ráð fyrir. Öll sveitarfélög takast nú á við aukinn kostnað í kjölfar kjarasamningsbreytinga og skuldsetning fyrri ára er íþyngjandi í þeirri glímu.

Rekstrargreining bæjarins, eitt af forgangsverkefnum nýs meirihluta, er mikill styrkur í þeirri áskorun sem fram undan er.

Nú þarf að taka höndum saman við að rétta fjárhaginn til framtíðar með markvissum hætti, snúa vörn í sókn og efla bæjarfélagið. Fjöldmörg umbótaverkefni hafa þegar farið af stað og önnur eru í undirbúningi í ráðum og nefndum bæjarins. Við ætlum að koma Hafnarfirði í fremstu röð.

Opnuðu nýja verslun á Fimmta breiðstræti



Það var mannmargt í nýrri verslun Microsoft sem opnuð var á fimmta breiðstræti í New York í fyrradag. Á sama tíma var fjöldi nýrra tækja tekinn í sölu. Meðal annars nýjar fartölvur. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Kína verður aldrei stærsta hagkerfi heims



Lars Christensen

alþjóðahagfræðingur

Því verður ekki á móti mælt að efnahagsþróun Kína síðustu 30 ár hefur verið glæsileg. En það eru góðar ástæður fyrir því að hagvöxtur í Kína verður mun lægri næstu 30 ár en síðustu 30 ár.

Ekki fleiri auðveldir kostir

Það er vel þekkt staðreynd að tekjulág lönd hafa tilhneigingu til að vaxa hraðar en tekjuhá lönd. Ein helsta ástæðan fyrir þessu jöfnunarferli er flutningur á þekkingu og tækni frá hátekjulöndum.

Að jafnaði er vandamálið hjá fátækum löndum ekki skortur á

vinnuafli heldur skortur á fjármagni, tækni og kunnáttu. Þegar fjármagn og tækniþekking eru flutt frá hátekjulöndum til lágtekjulanda flyst því hagvöxturinn með. Þetta er að miklu leyti það sem við höfum séð í Kína á síðustu 30 árum. En í framtíðinni verður möguleikinn á að vinna upp muninn minni og það mun hægja á vextinum.

Fjárfestingar í stað einkaneyslu

Yfirvöld í Kína hafa á undanförunum 30 árum haft hagvaxtarstefnu sem hefur ýtt verulega undir fjárfestingar. Þannig hafa fjárfestingar lengi verið um 40 prósent af vergri landsframleiðslu. Þetta er mun hærra hlutfall en í nokkru öðru landi sem er á sama þróunarstigi og Kína.

Á því leikur enginn vafi að þessi hagvaxtarstefna hefur verið árangursrik hvað varðar það að auka verga landsframleiðslu, en það má vissulega efast um „gæði“ þessa vaxtar. Þannig hefur vöxtur á einkaneyslu stöðugt verið minni en vöxtur fjárfestinga og vergrar landsframleiðslu.

●● Það er vel þekkt staðreynd að tekjulág lönd hafa tilhneigingu til að vaxa hraðar en tekjuhá lönd. Ein helsta ástæðan fyrir þessu jöfnunarferli er flutningur á þekkingu og tækni frá hátekjulöndum.

Það eru hins vegar sífellt fleiri vísbendingar um verulega offjárfestingu og slæmar fjárfestingar, og nú tala kínversk yfirvöld býsna opinskátt um að þau vilji koma jafnvægi á hagvöxtinn þannig að hann verði neytendum til meiri hagsbóta.

Slíku jafnvægi ber að fagna, en áhrifin verða að öllum líkindum einnig minni auðöfnun, og þar af leiðandi mun hægja verulega á framleiðniaukningu á næstu árum í Kína.

Verður gömul þjóð en ekki rík

En mesta áskorunin fyrir kínverska hagkerfið gæti reynst vera hinar mjög svo neikvæðu lýðfræðilegu horfur í Kína. Mesti lýðfræðilegi þrjóturinn er vafalaust hin illræmda einbirtisstefna kínverska kommúnistaflokksins, sem hefur dregið verulega úr fólksfjöldun. Staðan er reyndar þannig að Kínverjum mun fara sífellt fækkandi á komandi áratugum.

Þetta þýðir líka að útlit er fyrir minnkandi vinnuafli í Kína og það mun í auknum mæli draga úr kínverskum hagvexti á næstu áratugum.

Í átt að samdrætti eftir 30 ár

Vísbendingar eru um að hagvöxtur í Kína hafi þegar fallið niður í um sex prósent, úr tíu prósentum fyrir aðeins örfáum árum, og að hinn þriðjætti „mótvindur“ í formi minni munar til að jafna, minni fjárfestingar og neikvæðrar lýðfræði muni draga enn frekar úr hagvexti á næstu áratugum, og það er veruleg hættu á að einkum hinar neikvæðu lýðfræðihorfur muni leiða til neikvæðs hagvaxtar í Kína innan næstu þriðjatu ára.

Ánægðir viðskiptavinir með lágmarkstilkostnaði

Hin hliðin

Guðný Benediksdóttir
mba og verkfræðingur.



Straumlinustjórnun eða „Lean“ er aðferð sem beitt er við stjórnun fyrirtækja þar sem áherslan er á að hámarka ánægju viðskiptavina með lágmarks tilkostaði og sóun.

Aðferðin á rætur sínar að rekja til Japans á niunda áratugnum þar sem vöruframleiðendur s.s. Toyota höfðu þróað ákveðna aðferð við stjórnun

sem var að skila árangri sem eftir var tekið.

Þrátt fyrir að aðferðin hafi komið fyrst fram hjá framleiðslufyrirtækjum þykir hún eiga alveg eins við í þjónustufyrirtæki. Það að þekkja það sem hefur virði fyrir viðskiptavininn, hámarka virðið og framkvæma með lágmarks tilkostaði og sóun hlýtur að geta átt við allan fyrirtækjarekstur.

Aðferðin byggist á því að líta á starfsemi fyrirtækis sem virðisstrauma. Virðisstraumur er samansafn aðgerða sem skipta má í þrjú flokka: aðgerðir sem skapa virði fyrir viðskiptavininn, aðgerðir sem skapa ekki virði en eru

óhjákvæmilegar og aðgerðir sem skapa ekki virði og eru óþarfar.

Skilgreina þarf virðisstraumana og þær aðgerðir sem þeim tilheyra. Markvisst og reglulega er svo farið í gegn um aðgerðir / ferla hvers virðisstraums með það að markmiði að auka skilvirkni og koma í veg fyrir sóun á tíma, fjármunum og aðföngum. Þau fyrirtæki sem beita þessari aðferð við stjórnun hætta að einblína á ákveðna tækni, eignir eða svið, heldur leggja áherslu á vöruna / þjónustuna og fylgjast markvisst með virðisstraumum þvert í gegn um fyrirtækið.

Greint er hvað það er í raun sem er einhvers virði fyrir viðskiptavininn og áhersla lögð á það í framleiðslunni / þjónustunni. Þessi áhersla eykur ánægju viðskiptavina.

Með þátttöku í umbótastarfi geta starfsmenn haft áhrif á starfsumhverfi sitt og aukið þar með starfsánægju sína. Fyrirtæki sem beita þessari aðferðafræði við stjórnun geta því komist í ákjósanlega stöðu, bæði með ánægða viðskiptavini og ánægða starfsmenn.

Að ná valdi á straumlinustjórnun er ekki átaksverkefni heldur krefst hugarfarsbreytingar hjá öllum í

fyrirtækinu. Leggja þarf áherslu á virði fyrir viðskiptavininn. Innleiða þarf menningu stöðugra umbóta þannig að sjálfsagt þyki að vera ávallt að bæta ferla og umhverfi með lágmarks sóun að markmiði. Verkfærin í boði eru af ýmsum toga s.s. Kanban, Kaizen, Gemba walks, 5S. Hvert fyrirtæki þarf að finna þau verkfæri sem henta því og raða saman í sinn verkfærakassa. Þegar fyrirtæki ákveður að „Lean“-væðast er það fyrst og fremst hugarfarsbreyting sem verið er að innleiða, aðferðir til að styðja við hana koma svo í kjölfarið.

Eldborg, Hörpu
20. desember kl. 21:00

UPPSELT KL. 21:00

Jólatónleikar

BONEY M

með söngdívunni Liz Mitchell

Aukatónleikar kl. 17:00 sama dag

Tryggðu þér miða strax á aukatónleikana.
Miðasala hefst í dag kl. 10:00.

Hooray! Hooray! It's a Holi-Holiday

Rivers of Babylon

Mary's Boy Child

Rasputin

Daddy Cool

Boney M, ein stærsta hljómsveit diskótímabilsins heimsækir Hörpu á aðventunni. Með í för er sjálf söngdívun Liz Mitchell. Það er óhætt að lofa góðri skemmtun í Eldborg á meðan Mary's Boy Child, Rivers of Babylon, Rasputin og allir hinir smellirnir koma salnum á hreyfingu. Tryggðu þér miða á stórkostlega skemmtun og komdu þér í réttu stemninguna fyrir jólin.

Miðasala á tix.is, harpa.is
og í síma 528 5050

DÆGURFLUGAN



HARPA

Stjórnar- maðurinn

@stjornarmadur

Sérþekking í tómarúmi

Hlutafjárútboð Símans hefur verið umdeilt. Einkum hefur verið einblint á þá staðreynd að útboðið fór fram í þremur þrepum, þar sem hópur kringum forstjóra félagsins annars vegar, og vildarviðskiptavinir Arion banka hins vegar, fengu að kaupa á sérkjörum.

Ljóst er að fyrrnefndi hópurinn sérstaklega hefur hagnast verulega vegna viðskiptanna. Hópurinn keypti á 2,5 krónur á hlut en gengið í almennu útboði var 3,3 krónur. Gengi Símans stendur þegar þetta er ritað í 3,63 krónum og því ljóst að hópurinn kringum Orra Hauksson hefur þegar hagnast um vel yfir 500 milljónir króna.

Í aðsendri grein svarar Halldór Bjarkar Lúðvígsson, hjá fyrirtækjarráðgjöf Arion, gagnrýnendum útboðsins. Halldór leggur áherslu á þann mikla feng sem það hafi verið fyrir Símann að fá að félaginu hóp alþjóðlegra fjárfesta með reynslu af fjárfestingum og fjarskiptum í fjölda landa. Hópurinn „kæmi því ekki aðeins með fjármagn í félagið heldur einnig dýrmæta reynslu á sviði fjarskipta sem vonandi mun nýtast félaginu og hluthöfum þess til framtíðar“.

Þarna er a.m.k. tvennt sem orkar tvímælis. Í fyrsta lagi er það ekki rétt að fjárfestarnir hafi komið með „fjármagn í félagið“. Ekkert fé rann til Símans í þessum viðskiptum, heldur var um kaup á fimm prósentu hlut Arion í félaginu að ræða. Það eru því hluthafar Arion sem tapa á viðskiptunum, frekar en hluthafar Símans.

Í öðru lagi er það sú fullyrðing að hópurinn komi með dýrmæta reynslu af fjarskiptum sem nýtast muni félaginu til framtíðar.

Arion banki hefur nú upplýst hverjir þessir alþjóðlegu fjárfestar eru sem tóku þátt í að kaupa fimm prósentu hlutinn. Við þá upptalningu kom þó í ljós að stærsta rullu spiluðu alíslenskir fjárfestar sem hingað til hafa fremur getið sér orð í smásölu en fjarskiptum.

Þar voru þó nokkur erlend nöfn sem virðast hafa nokkuð viðtæka reynslu af alþjóðlegum fjarskiptageira og þjónustu við slík fyrirtæki. Sérþekking þeirra verður ekki dregin í efa.

Arion banki hefur hins vegar ekki upplýst um hversu mikið fé þessir aðilar lögðu til kaupanna, og það sem mikilvægara er, hver aðkoma þeirra að rekstri Símans á nákvæmlega að vera.

Það liggur a.m.k. fyrir að enginn þessara manna hefur tekið sæti í stjórn félagsins.

Er því ekki eðlilegt að Arion banki og Síminn upplýsi á hvaða vettvangi Síminn fær að njóta sérþekkingar þessara ágætu manna?

7.749

HEIMILI FENGU FJÁRHAGSAÐSTOD

Heimilum sem fá greidda fjárhagsaðstöð fækkar í fyrsta skipti frá árinu 2007 samkvæmt tölum Hagstofunnar. Árið 2014 fengu 7.749 heimili fjárhagsaðstöð sveitarfélaga og hafði heimilum sem þáðu slíkar greiðslur fækkað um 293 (3,6%) frá árinu áður. Breyting í fjölda fjárhagsaðstöðarþega hefur haldist í hendur við þróun atvinnuleysis.

9

MILLJARÐA VELTA MED ATVINNUHÚSNÆÐI

Í september var 95 skjölum (kaupsamningum og afsölum) um atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu þinglýst. Heildarfasteignamat seldra eigna var 9.091 milljón króna samkvæmt tölum frá Þjóðskrá. Af þessum skjölum voru 42 um verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Á sama tíma var 55 skjölum um atvinnuhúsnæði utan höfuðborgarsvæðisins þinglýst. Heildarfasteignamat seldra eigna var 2.183 milljónir króna.

26.10.2015

Mér finnst í raun og veru gott að báða landsfundina beri upp á sömu helgi. Þarna birtast tveir skýrir pólur í íslenskum stjórnmálum. Þessir fundir eiga það þó báðir sameiginlegt að ungt fólk kemur fram með mjög ákveðnum hætti sem er mjög ánægjulegt.

Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs



OPIÐ VIRKA DAGA
KL. 11–18
LAUGARDAGA
KL. 11–16



Jensen hægindastóll / Minotti



Andersen Quilt / Minotti



Perry sófaborð / Minotti

ÍTÖLSK GÆÐAHÖNNUN FRÁ MINOTTI

Í rúm 60 ár hefur Minotti staðið í fremstu röð ítalskra húsgagnaframleiðenda og á þeim tíma átt stóran þátt í að móta og auka veg ítalskrar hönnunar og tísku. Gríðarleg tæknikunnátta og ómæld virðing fyrir handverki er galdurinn á bak við tímalausa hönnun Minotti þar sem listfengi, þægindi og gæði mynda eina heild.

GÖNGUM
HREINT
TIL VERKS!



GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN

HLÍÐASMÁRA 1 • 201 KÓPAVOGUR • 534 7777 • modern.is

MÓDERN

ÞITT HEIMILI – ÞÍN STUND

TÍMAMÓT



Móðir okkar,

Guðrún Guðmundsdóttir

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli
föstudaginn 23. október.
Útförin verður auglýst síðar.

Fyrir hönd ástvina,
Kristín Gísladóttir Guðmundur Þór Gíslason



Hjartkær kona mín, dóttir, móðir,
tengdamóðir, amma og langamma,
Hanna María Gunnarsdóttir

hjúkrunarfræðingur,
Æsufelli 4, Reykjavík,

lést að heimili sínu 28. september sl.
Útförin hefur þegar farið fram í kyrrþey að
ósk hinnar látnu.

Bjarni Grímsson
Ásta Bryndís Guðbjartsdóttir
Grimur Bjarnason **Heiðrún Hafsteinsdóttir**
María Bjarnadóttir **Gunnar Marteinson**
Helga Bjarnadóttir
Hilmar Bjarnason **Sólborg Gunnarsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir og afi,

Böðvar Guðmundsson

frá Tjörn,
síðast til heimilis á Höfða,
hjúkrunar- og dvalarheimili, Akranesi,

lést 24. október. Útförin fer fram frá
Akranesirkirkju fimmtudaginn 29. október kl. 14.

Hrefna Aðalsteinsdóttir
börn, tengdabörn og afabörn.



Eiginmaður minn,
Bjarni Einarsson

húsgagnasmiður,
Teigagerði 10,

lést 18. október sl. á
hjúkrunarheimilinu Skógarbæ.
Útförin fer fram frá Seljakirkju, föstudaginn
30. október kl. 13.00.

Fyrir hönd aðstandenda,
Ragnheiður Eyjólfssdóttir



Elsku maðurinn minn, faðir okkar,
tengdafaðir og afi,

Ástvaldur Kristmundsson

vörubifreiðarstjóri,

lést á Landspítalanum 16. október.
Jarðarförin fer fram frá Grafarvogskirkju
30. október kl. 13.00. Blóm og kransar eru
vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnst
hans er bent á Krabbameinsfélagið eða orgelsjóð
Grafarvogskirkju.

Ellen J. Sveinsdóttir **Ingibjörg Á.Þ. Brekkan**
Sveinn J. Ástvaldssson **Guðrún K. Ástvaldsdóttir**
Kristrún L. Ástvaldsdóttir **Árni Gústafsson**
Sigurður, Ellen Inga, Emil, Ársól Erla og Kári.



Ástkær faðir minn,

Jón Leifur Magnússon

frá Akbraut,

verður jarðsönginn frá
Marteinstungukirkju laugardaginn
31. október kl. 13.00.

Fyrir hönd aðstandenda,
Linda Ósk Jónsdóttir

Verk um misskilning og vandræðagang

Dansverk sem fjallar á gamansaman hátt um vandræði fólks við að tjá sig verður frumsýnt í Tjarnarbiói í kvöld af höfundunum, Unni Elisabetu Gunnarsdóttur og Berglinni Rafns.

„Þetta er glænýtt dansverk. Við Berglind erum búnar að vinna að því í hálf ár og getum varla beðið eftir að sýna afraksturinn,“ segir Unnur Elisabet Gunnarsdóttir, dansari og danshöfundur, um verkið This conversation is missing a point – eða Þetta samtál vantar punkt, sem verður frumsýnt í Tjarnarbiói í kvöld klukkan 20.30.

„This conversation is missing a point er kómískt dansverk, ekkert drama heldur létt og skemmtilegt, enda erum við Berglind báðar algerir trúðar í okkur,“ segir Unnur Elisabet og tekur fram að bullmál sé notað í sýningunni og því henti hún jafn vel fyrir útlendinga og Íslendinga. „Það ættu allir að tengja við þetta verk, að minnsta kosti þeir sem hafa lent í því að eiga erfitt með að tjá sig með orðum. Oft eru stór málefni sem erfitt er að tala um og koma frá sér, þá fer fólk að tafsa og bulla þannig að allt misskilist. Þetta er svolítið þannig. En á sama tíma er mikil vinna lögð í smáatriði í dansinum.“

Unnur Elisabet telur víst að fólk skilji það í hreyfingum þeirra Berglindar sem þær vilja segja með orðum. „Við kunnum best að tjá tilfinningar okkar með hreyfingum. Okkur finnst það auðveldasta tjáningarformið. Við erum búnar að fá nokkra leikara á æfingar og þeir hafa hlegið því líkt og skemmt sér. Þetta verk er um fólk af báðum kynjum sem til dæmis á erfitt með að halda ræður, byrjar að stama í mikrafóninn og allt fer í rugl, þannig að þetta er bara algerlega „missing a point.““

Þær Unnur Elisabet og Berglind hafa



„Við kunnum best að tjá tilfinningar okkar með hreyfingum. Okkur finnst það auðveldasta tjáningarformið,“ segir Unnur Elisabet sem hér er til hægri og Berglind til vinstri.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

báðar verið í Íslenska dansflokknum. Nú eru þær bæði sjálfstætt starfandi og að vinna hjá öðrum, Unnur Elisabet er til dæmis í Borgarleikhúsinu í Billy Elliot og Berglind er að kenna. Báðar verða þær svo líka í Mamma mia.

Aðrar sýningar á This conversation is missing a point eru 11. og 17. nóvember. Aðeins er um þessar þrjár sýningar að ræða. gun@frettabladid.is

Pað ættu allir að tengja við þetta verk, að minnsta kosti þeir sem hafa lent í því að eiga erfitt með að tjá sig með orðum.



Okkar elskulega móðir, tengdamóðir,
systir, amma og langamma,

Svava Kristjana Sigurðardóttir

lést 23. október síðastliðinn á
hjúkrunarheimilinu Skjóli.

Útförin fer fram frá Frikirkjunni í Reykjavík
föstudaginn 30. október kl. 13.00.
Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Minningarsjóð
Hjúkrunarheimilisins Skjóls.

Einar Halldórsson **Jóhanna Sigurðardóttir**
Guðfinnur Halldórsson **Sigurbjörg Sigurbjörnsdóttir**
Þórir Halldórsson **Ragnar Lövdal**
Kristín Halldórsdóttir
Þórunn Sigurðardóttir
ömmu- og langömmubörn.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

Þór Heimir Vilhjálmsson

fyrirum dómari og prófessor,

lést á hjartadeild Landspítalans
þriðjudaginn 20. október.

Hann verður jarðsönginn frá Langholtskirkju
fimmtudaginn 29. október klukkan 15.
Blóm og kransar vinsamlega afþökkuð. Þeim sem vildu
minnst hans er bent á Ástusjóð (banki 301-13-302339,
kt. 630714-0440) og minningarsjóði Landspítalans.

Ragnhildur Helgadóttir, Þórunn Þórsdóttir,
Kristín Þórsdóttir, Þórir Óskarsson,
Inga Þórsdóttir, Stefán Einarsson,
Helgi Þórsson, Guðrún Eyjólfssdóttir,
barnabörn og börn þeirra.



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og
langamma,

Guðrún Júlíusdóttir

áður til heimilis að Kirkjulundi 6,
Garðabæ,

lést laugardaginn 24. október á Eir
hjúkrunarheimili.

Júlíus Jónsson **Björk Garðarsdóttir**
Jón Gunnar Jónsson **Friða Birna Kristinsdóttir**
Erla Jónsdóttir **Grétar Helgason**
Guðrún Axelsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

Edda María Einarsdóttir

frá Krosshúsum, Grindavík,
Laufvangi 14, Hafnarfirði,

er lést fimmtudaginn 22. október, verður jarðsönginn frá
Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 30. október kl. 13.00.

Einar Waldorff **Haukur Árnason**
Hermann Waldorff **Ragnheiður Anna Georgsdóttir**
Dóra Waldorff **Dóra Birna Jónsdóttir**
Þórður Waldorff **Magnús Sigurðsson**
barnabörn, langömmubörn og aðrir aðstandendur.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og
útfarir má senda á netfangið timamot@365.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða
hringja í síma 512 5000.

DEBENHAMS

25%

AFSLÁTTUR

Tamaris
EITTHVAÐ SEM ALLAR ELSKA

JESSIGIRL

AF ÖLLUM SKÓM FRÁ TAMARIS OG JESSIGIRL

Tamaris



Verð áður 11.840,- Nú **8.880,-**

Tamaris



Verð áður 11.840,- Nú **8.880,-**

Tamaris



Verð áður 11.840,- Nú **8.880,-**

Tamaris



Verð áður 10.850,- Nú **8.138,-**

Tamaris



Verð áður 16.780,- Nú **12.585,-**

• LEDUR

Tamaris



Verð áður 24.690,- Nú **18.518,-**

• LEDUR

Tamaris



Verð áður 17.770,- Nú **13.328,-**

Tamaris



Verð áður 26.660,- Nú **19.995,-**

• LEDUR

Tamaris



Verð áður 24.690,- Nú **18.518,-**

• LEDUR

JESSIGIRL



Verð áður 10.850,- Nú **8.138,-**

JESSIGIRL



Verð áður 8.990,- Nú **6.743,-**

JESSIGIRL



Verð áður 8.990,- Nú **6.743,-**

Gildir út sunnudag

 Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR



LJÚKTU UPP!
NÝR SÝNINGARSALUR
Í VERSLUN OKKAR

Birgisson

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

LAUGARÁS BÍÓ

miði.is Coca-Cola LAUGARÁS BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ Sýningartímar

CRIMSON PEAK	8, 10:30
PAN 3D ISL	5:30
HÓTEL TRANSYLV. 2D ISL	5:50
KLOVN FOREVER	8, 10:10
EVEREST 3D	5:30, 8
SICARIO	10:30

SAMBÍÓ NÁBU Í SAMBÍÓ APPID PAB MARGBORÐAR SÍÐ

SAMBÍÓ Sýningartímar

ALFABAKKA	EGILSHÖLL
THE LAST WITCH HUNTER	KL. 5:30 - 8 - 10:40
THE LAST WITCH HUNTER VIP	KL. 5:30 - 8 - 10:40
PAN ISL 2D	KL. 5:30
PAN ESKO TAL 2D	KL. 8 - 10:40
LEGEND	KL. 8 - 10:30
BLACK MASS	KL. 10:10
EVEREST 3D	KL. 5:20
EVEREST 2D	KL. 5:20 - 8 - 10:30
VACATION	KL. 6
INSIDE OUT ISL 2D	KL. 5:40 - 8 - 10:20
INSIDE OUT ESKO TAL 2D	KL. 5:40 - 7:20
THE LAST WITCH HUNTER	KL. 5:30
LEGEND	KL. 9
BLACK MASS	KL. 10:30
THE INTERN	KL. 8
AKUREYRI	KEFLAVÍK
THE LAST WITCH HUNTER	KL. 8 - 10:30
PAN ISL 3D	KL. 8
CRIMSON PEAK	KL. 8
LEGEND	KL. 10:30
INSIDE OUT ISL 2D	KL. 5:50
THE LAST WITCH HUNTER	KL. 8
PAN ESKO TAL 2D	KL. 8
CRIMSON PEAK	KL. 10:30



Smart Solutions for Better Living

Málþing um nýsköpun og skapandi greinar í stafrænu hagkerfi

Breska sendiráðið og Háskólinn í Reykjavík bjóða til málþings um nýsköpun og skapandi greinar í stafrænu hagkerfi, í dag, miðvikudaginn 28. október, kl. 17:15 - 18:15 í Háskólanum í Reykjavík, stofu V-102.

Ed Vaizey, ráðherra menningarmála og stafræns hagkerfis í bresku ríkisstjórninni, flytur opunarerindi og kynsir bresk nýsköpunarfyrirtæki sem eru að breyta daglegu lífi fólks um allan heim með nýrri tækni. Að því loknu halda fulltrúar breskra nýsköpunarfyrirtækja stutt erindi og taka þátt í opnum pallborðsumræðum. Leitað verður svara við því hvernig best sé að ná árangri í stafrænu hagkerfi og hvernig stjórnvöld geti stutt við góðar nýsköpunarhugmyndir.

Fyrirlesarar og þátttakendur í pallborðsumræðum:

- Ed Vaizey, ráðherra menningarmála og stafræns hagkerfis í ríkisstjórn Bretlands
- Azmat Yusuf, stofnandi og forstjóri Citymapper
- Hannah Barry, forstjóri Bold Tendencies
- Herman Narula, stofnandi og forstjóri Improbable
- Jenny Griffiths, stofnandi og forstjóri Snapfashion
- Liam Maxwell, yfirmaður upplýsingatæknimála breska ríkisins

Fundarstjóri:

Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík

Lokaorð:

Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.

Frekari upplýsingar um viðburðinn má finna á hr.is

Málþingið er haldið í samvinnu við Bresk-íslenska viðskiptaráðið og Samtök iðnaðarins og fer fram á ensku.



Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

Hljómsveitirnar Gangly og Vaginaboys spila á tónleikum á skemmtistaðnum Húrra. Miðaverð er 1.500 krónur.

Hvað? Par-Ðar, AVÓKA & SíGull

Hvenær? 20.00

Hvar? Kex hostel

Par-Ðar, AVÓKA og SíGull spila á tónleikum á Kexi hosteli í kvöld. Aðgangur ókeypis.

Hvað? Dj Pabbi

Hvenær? 20.00

Hvar? Prikjó

Hvað? Dj Jesús

Hvenær? 21.00

Hvar? Big Lebowski Bar

Hvað? Menschen am Sonntag Final

Hvenær? 21.00

Hvar? Mengi

Gunnar Tynes og Örvar Smáason úr hljómsveitinni múm hófu fyrr á þessu ári að búa til tónlist við kvikmyndina Menschen am Sonntag frá árinu 1930. Í kvöld fara fram fimmtu og síðustu spunatónleikarnir og munu þeir vinna úr þeim tilraunum og kveikjum sem átt hafa sér stað undanfarna mánuði. Miðaverð er 2.000 krónur.

Hvað? DJ John BRNLV

Hvenær? 22.00

Hvar? Kaffibarinn

Uppákomur

Hvað? Swap Till You Drop

Hvenær? 16.30

Hvar? Loft hostel
Mánaðarlegur viðburður á Lofti þar sem áhugasamir geta komið með fót og hluti sem ekki nýtast lengur og skipta við aðra í sömu sporum.

Hvað? Gangly & Vaginaboys á Húrra

Hvenær? 20.00

Hvar? Húrra



Vaginaboys spila ásamt hljómsveitinni Gangly á Húrra í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Jóhanna **BÍÓ** ★ **PARADÍS** HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

Stúlkurnar á Kleppi	18:00	Back in time	20:00
Jóhanna - síðasta orrustan	18:00	Virgin mountain	20:00
Ice and the sky	18:00, 22:00	Love 3d	22:00
Stille hjerte	20:00	99 homes	22:00

Spinna yfir kvikmyndina Menchen am Sonntag í fimmta sinn í Mengi í kvöld

„Þetta byrjaði sem algjör spuni í Mengi og þetta er svona síðasti hlutinn í því ferli á þeim stað.“ segir tónlistarmaðurinn Gunnar Tynes sem ásamt hljómsveitarfélagi sínum úr hljómsveitinni múm, Örvari Smárasyni hefur undanfarna mánuði efnt til spunatónleika í Mengi þar sem þeir spinna tónlist við þöglu kvikmyndina Menchen am Sonntag.

Í kvöld verða fimmtu tónleikarnir í röðinni og þeir síðustu í Mengi í bili en þeir Gunnar og Örvar munu spila efnið í útlöndum á næstunni, á tónleikum í Düsseldorf í Þýskalandi í lok nóvember og í Póllandi í desember.

Myndin Menschen am Sonntag kom út árið 1930 og er henni leikstýrt af bræðrunum Curt og Robert Siodmak en handritið er skrifað af Billy Wilder. „Örvar er kvikmyndafræðingur og hann fann þessa mynd. Hún er mjög spes, gerð í Þýskalandi rétt fyrir seinni heimsstyrjöld og sýnir hversdagslíf ungs fólks. Mikil hamingja, gleði og kæruleysi.“ segir Gunnar um myndina en hann segir það að hugsa út fyrir rammann efla sköpunargleðina. „Það er gaman að hugsa aðeins út fyrir rammann og prófa eitthvað öðruvísi.“

Á síðustu tónleikum hafa góðir

gestir verið með þeim Örvari og Gunnari, nú síðast dj. flugvél og geimskip en í þetta sinn stiga þeir bara tveir á svið.

„Við tókum þá ákvörðun að prófa að vera tveir og berskjaldaðir í kvöld.“ segir Gunni. Líkt og gefur að skilja eru æfingar og undirbúningur fyrir spunatónleika ekki jafn stíf og fyrir annars konar tónleika og segir Gunnar að það sé góð tilbreyting. „Það er svolítið frelsandi tilfinning að vera ekki búinn að undirbúa sig of mikið.“

Tónleikarnir verða í Mengi á Óðinsgötu og hefjast klukkan 21.00. – gló



Örvar Smárasyn og Gunnar Tynes verða í Mengi í kvöld.



Fjallað verður um ný heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna á Þjóðminjasafninu í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fundir

Hvað? Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun
Hvenær? 08.30

Hvar? Fundarsalur Þjóðminjasafnsins
Framkvæmdastjóri Efnahagsstofnunar Sameinuðu þjóðanna og fyrirverandi þróunarmálaráðherra Danmerkur, Christian Friis Bach, fjallar um ný heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem tóku nýverið við af Þúsaldarmarkmiðunum. Guðrún Helga Jóhannsdóttir, doktorsnemi í þróunarfræðum og stundakennari við Háskóla Íslands, ræðir um eignarhald við mótun þróunarmarkmiðanna eftir 2015 í Senegal. Fundarstjóri er Pia Hansson, forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands. Fundurinn fer fram á ensku og er öllum opin.

Hvað? Norrænir menningarstýrki-
upplýsingafundur
Hvenær? 14.00

Hvar? Norræna húsið
Upplýsingafundur með Norrænu menningargáttinni og Norræna menningarsjóðnum. Fjallað verður um styrkjamöguleika sem eru í boði hjá Norrænu menningargáttinni og Norræna menningarsjóðnum fyrir menningu og listir.

Fyrirlestrar

Hvað? Stórt og smátt
Hvenær? 12.15

Hvar? Listaháskóli Íslands, Þverholti 11
Atli Hilmarsson heldur erindið Stórt og smátt á fyrirlestraröð hönnunar- og arkitektúrdeilda Listaháskóla Íslands, Sneiðmynd, í fyrirlestrasal A. Í fyrirlestrinum mun Atli fjalla um eigin verk og feril en hann hefur kennt við Listaháskólann frá stofnun og lauk BA-námi í grafískri hönnun frá Parsons í New York. Fyrirlesturinn er öllum opin.

Hvað? Rannsóknarkvöld Félags
íslenskra fræða

Hvenær? 20.00

Hvar? Hannesarholt
Þýðandinn, rithöfundurinn og íslenskukennarinn Guðjón Ragnar Jónasson fjallar um bókina Hommarir og helförin. Í fyrirlestrinum mun hann fjalla um bókina og tilurð hennar auk þess sem hann kynnir aðra bók um skytt efni.

Hvað? Bókakaffi - „Á landamæra-
hafinu“ Daisy Neijmann spjallar um verk Svövu Jakobsdóttur

Hvenær? 20.00

Hvar? Gerðuberg
Í erindinu verður fjallað um sögur Svövu Jakobsdóttur út frá persónulegu sjónarhorni.

HLEÐSLA ÍPRÓTTADRYKKUR

100%
HÁGÆÐA
PRÓTEIN



NÝTT!



**HLEÐSLA MEÐ KAFFI- OG SÚKKULAÐIBRAGÐI
22 G HÁGÆÐA PRÓTEIN
HENTAR VEL EFTIR ÆFINGAR OG MILLI MÁLA**

HLEÐSLA.IS

DAGSKRÁ

Miðvikudagur



19:50

SIGRÍÐUR ELVA Á FERÐ OG FLUGI

Á vesturströnd Bandaríkjanna er allt öðruvísi og skemmtileg borg. Þar eru krár á hjólum og menn spila á logandi sekkjapípur. Sigríður Elva skrapp til Portland í Bandaríkjunum.

FRÁBÆR
MIÐVIKUDAGUR

Fáðu þér áskrift á 365.is

365

20:15

COVERT AFFAIR

Skemmtileg þáttaröð um CIA fulltrúana Annie og Auggie og flókið samband þeirra innan og utan vinnunar.



21:00

GREY'S ANATOMY

Frábær þáttaröð um ungu og efnilegu lækna á Grey Sloan spítalanum en einkalíf þeirra er ekki alltaf í samræmi við hæfileika þeirra í starfi.



21:45

BLINDSPOT

Ung kona finnst á Times Square, algjörlega minnislaus og líkami hennar þakinn húðflúrum sem eru vísbendingar á glæpi sem þarf að leysa.



22:30

BONES


Stórskemmtilegir þættir þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Brennan, réttarmeinafræðings.



22:00

RUNNER, RUNNER

Skemmtileg spennmynd með Ben Affleck og Justin Timberlake í aðalhlutverkum.



21:25

LAST SHIP

Hörkuspennandi þættir um áhöfn herskips sem fær það erfiða verkefni að hafa uppi á mótefni sem vinnur gegn alheimsfaraldri.



STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
07.40 Big Time Rush
08.05 The Middle
08.25 The Crazy Ones
08.50 Friends with Better Lives
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Doctors
10.15 Spurningabomban
11.00 Ljósavakavíkingar - Stöð 2
11.30 Sullivan & Son
11.50 Grey's Anatomy
12.35 Nágrannar
13.00 Nashville
13.45 Nashville
14.30 White Collar
15.20 Restaurant Startup
16.05 Big Time Rush Skemmtilegur þáttur um strákaband sem er að reyna að koma sér á framfæri í tónlistarheiminum.
16.30 Up All Night
16.55 Raising Hope
17.20 Bold and the Beautiful
17.40 Nágrannar
18.05 Simpson-fjölskyldan
18.30 Fréttir Stöðvar 2 Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
18.47 Íþróttir
18.55 Ísland í dag.
19.20 Vikingalottó
19.25 Mindy Project
19.50 Sigríður Elva á ferð og flugi
20.15 Covert Affairs
21.00 Grey's Anatomy
21.45 Blindspot
22.30 Bones 10
23.15 NCIS
00.00 The Blacklist
00.45 The Player
01.30 Stalker
02.15 Death Race. Inferno
04.00 A.C.O.D.

SPORT

07.00 Ítalski boltinn
08.40 League Cup
10.20 Meistaradeild Evrópu í handbolta
11.45 Ítölsku mörkin
12.15 Domino's-deildin
13.55 Körfuboltakvöld
15.30 Evrópudeildarmörkin
16.20 Ítalski boltinn
18.00 League Cup
19.40 Liverpool - Bournemouth Bein útsending frá leik í enska deildabikarnum.
21.45 Ítalski boltinn
23.25 Ítalski boltinn
01.05 League Cup

SPORT 2

07.30 League Cup
10.40 Premier League
12.25 Premier League
14.05 Messan
15.20 Premier League
17.00 Premier League
18.45 Premier League Review
19.40 Liverpool - Bournemouth Bein útsending frá leik í enska deildabikarnum.
21.45 League Cup
23.25 League Cup

GOLFSTÖÐIN

08.00 PGA Tour 2015 - Highlights
08.55 Shriners Open
11.55 Feherty
12.40 Herminator Invitational
13.10 Herminator Invitational
13.50 Shriners Open
17.10 PGA Tour - Highlights
18.05 Golfing World
18.55 Shriners Open
22.20 Champions Tour Highlights
23.15 Golfing World
00.05 Inside The PGA Tour

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

STÖÐ 3

18.45 Clipped
19.05 Sullivan & Son
19.30 Ground Floor
19.55 50 Ways to Kill Your Mummy
20.40 Mayday. Disasters
21.25 Last Ship
22.10 The Originals
22.55 The Last Man on Earth
23.20 Sirens
23.40 Flash
00.25 Gotham
01.10 Arrow
01.50 Supernatural
02.35 Ground Floor
02.55 50 Ways to Kill Your Mummy
03.40 Mayday. Disasters
04.25 Last Ship
05.05 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

KRAKKASTÖÐIN

07.00 Áfram Diego, áfram!
07.24 Svampur Sveins
07.49 UKI
07.54 Rasmus Klumpur og félagar
08.00 Ævintýri Tinna
08.23 Brunabilarnir
08.47 Elías
09.00 Ljótí andarunginn og ég
09.25 Lukku-Láki
09.47 Ævintýraferðin
10.00 Könnuðurinn
10.24 Mörgæsinar frá Madagaskar
10.45 Doddi litli og Eyrnastór
10.55 Leyndarmál visindanna
11.00 Áfram Diego, áfram!
11.24 Svampur Sveins
11.49 UKI
11.54 Rasmus Klumpur og félagar
12.00 Ævintýri Tinna
12.23 Brunabilarnir
12.47 Elías
13.00 Ljótí andarunginn og ég
13.25 Lukku-Láki
13.47 Ævintýraferðin
14.00 Könnuðurinn Dóra
14.24 Mörgæsinar frá Madagaskar
14.45 Doddi litli og Eyrnastór
14.55 Leyndarmál visindanna
15.00 Áfram Diego, áfram!
15.24 Svampur Sveins
15.49 UKI
15.54 Rasmus Klumpur og félagar
16.00 Ævintýri Tinna
16.23 Brunabilarnir
16.47 Elías
17.00 Ljótí andarunginn og ég
17.25 Lukku-Láki
17.47 Ævintýraferðin
18.00 Könnuðurinn Dóra
18.24 Mörgæsinar frá Madagaskar
18.45 Doddi litli og Eyrnastór
18.55 Leyndarmál visindanna
19.00 Pétur og kötturinn Brandur

GULLSTÖÐIN

18.10 Two and a Half Men
18.35 New Girl
18.55 Modern Family
19.20 Friends
19.45 Beint frá býli
20.15 Tekinn 2
20.45 Chuck
21.30 Klovn
22.00 Cold Case
22.45 Cold Feet
23.35 Broadchurch
00.25 Beint frá býli
00.55 Tekinn 2
01.20 Chuck
02.05 Klovn
02.35 Cold Case
03.20 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

BÍÓSTÖÐIN

10.10 Moulin Rouge
12.15 Inside Llewyn Davis
14.00 The Armstrong Lie Áhrifamikil mynd sem tilnefnd var til Bafta-verðlaunanna árið 2014 um ris og fall bandaríska hjólríðakappans Lance Armstrong.
16.05 Moulin Rouge
18.10 Inside Llewyn Davis
19.55 The Armstrong Lie
22.00 Runner, Runner Spennmynd frá 2013 með Ben Affleck og Justin Timberlake. Myndin fjallar um stærðfræðisnillinginn Richie Furst sem langar í nám við Princeton-háskóla en hefur ekki efni á því. Til að fjármagna námið ákveður hann að spila póker á netinu með góðum árangri. Þegar hann tapar öllu í spili sem hann telur að hann hefði átt að vinna fer hann að gruna að brögð séu í tafl. Richie fer því á fund þess sem rekur netpókersíðuna, Ivans Block, sem reynist vera úlfur í sauðargæru.
23.35 Alex Cross
01.20 The East Spennmynd frá 2013 með Brit Marling, Ellen Page og Alexander Skarsgård í aðalhlutverkum.
03.15 Runner, Runner

RÚV

16.05 Verðlaunahátíð Norðurlandaráðs
17.15 Landinn
17.45 Táknmálsfréttir
17.55 Disneystundin
17.56 Finnbogi og Felix
18.18 Sigildar teiknimyndir
18.25 Herkúles
18.50 Svipmyndir frá Noregi
18.54 Vikingalottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.10 Hæpið
20.40 Kiljan
21.25 Höfuðstöðvarnar
22.00 Tiufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Stærsta dýr jarðar
23.05 Flóttafólkið
00.00 Kastljós
00.30 Fréttir
00.45 Dagskrárlok

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Everybody Loves Raymond
08.22 Dr. Phil.
09.06 Design Star
09.50 Million Dollar Listing
10.35 Pepsi MAX tónlist
13.20 Cheers
13.45 Dr. Phil
14.26 Black-ish
14.47 Jane the Virgin
15.31 America's Next Top Model
16.13 Solsidan
16.36 Life in Pieces
17.00 Grandfathered
17.23 The Grinder
17.47 Dr. Phil
18.30 The Tonight Show
19.15 The Late Late Show
19.50 Survivor
21.00 Code Black
21.45 Quantico
22.30 The Tonight Show
23.10 The Late Late Show
23.50 Agent Carter
00.35 Scandal
01.20 How to Get Away with Murder
02.05 Code Black
02.50 Quantico
03.35 The Tonight Show
04.15 The Late Late Show
04.55 Pepsi MAX tónlist

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag.

365.is

FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin

NÝTT

M/KARAMELLUKURLI
OG ÍSLENSKU SJÁVARSAITI



... svo gott

Einstakt bragð sem þú verður að prófa!

Ómótstæðilegt Sírius Rjómasúkkulaði, blandað stökkri karamellu og ljúffengum sjávarsaltflögum frá Norðursalti.



STILLANLEG RÚM • HEILSURÚM OG -DÝNUR • GAFLAR
SÆNGUR • KODDAR • SVEFNSÓFAR • STÓLAR • SÆNGURFÖT, O.FL.

RÝMUM TIL FYRIR NÝJA TÍMA SÍÐUSTU DAGAR

VEGNA BREYTINGA Á VERSLUN
OKKAR Í FAXAFENI BJÓÐUM VIÐ
SÝNINGAREINTÖK OG ELDRI
GERÐIR AF ÝMSUM VÖRUM
MEÐ 20-50% AFSLÆTTI.

..... NÚ ER TÆKIFÆRIÐ



**Betra
BAK**

Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Opíð virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16



Hópurinn ætlar sér stóra hluti í kvikmyndagerð enda þykir þeim vanta töluvert upp á þegar kemur að kvenfyrirmyndum í kvikmyndaiðnaðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Keppa við fyrirmyndirnar

Bandaríski kvikmyndarisinn Lionsgate teygir sig í hugvit reykvískra menntaskólameyja og boðar þær á úrslitakvöld í Los Angeles í lok mánaðarins, en hópurinn Extura Production hefur þegar sigrað í netkosningunni. Hópurinn segir úrslitin ekki skipta öllu.

Extura Production er kvikmynda-fyrirtæki sem samanstendur af fimm menntaskólum úr Menntaskólanum í Reykjavík og Menntaskólanum við Hamrahlið á aldursbilinu sextán og sautján ára, þeim Anastazju S. Glogowska, Elínu C.H. Ramette, Jónu Katrínu Magnúsdóttur, Melkorku Gunborg Briarsdóttur og Stefaniu Stefánsdóttur.

„Við sóttum ekki um að vera með, fengum bara allt í einu skilaboð frá Hunger Games official Instagram um að við værum meðal þeirra fimm sem væru í undanúrslitum í þessari stuttmyndakeppni,“ segir Jana. Lionsgate, hið risavaxna kanadíska framleiðslufyrirtæki, sem meðal annars framleiðir Hunger Games-seríurnar, valdi á dögunum Extura Production áfram í keppninni The Hunger Game Tribute, sem fram fer á heimasíðu fyrirtækisins og verða úrslit kunngjörð þann 31. október í Los Angeles. Keppir hópurinn í flokki Best original video content.

Um er að ræða myndina The 26th Hunger Games sem stelpurnar gerðu árið 2013 þegar meirihluti hópsins var enn í grunnskóla, og er í grunninn byggð á hinum geysivinsælu kvikmyndum Hunger Games, og hafa stelpurnar svo skapað sínar eigin persónur og aðstæður. Þær sjá alfarið um allt sem kemur kvikmynda-gerðinni við, svo sem tókur, klippingar, leikaraval og þar fram eftir götunum. „Okkur er reyndar skutlað af foreldrum þangað sem við þurfum að fara. Við settum myndina á YouTube-síðuna okkar og spáðum svo ekkert meira í það. Áhorfin hlóðust svo bara upp hægt og rólega

og við löngu farnar að gera eitthvað annað. Það var svo í síðasta mánuði, sem við fengum allt í einu skilaboð þar sem okkur var tilkynnt að við værum komnar í undanúrslit í þessari keppni,“ segir Jana og skýtur því að, að þar hljóti útsendarar keppinnar að hafa komið auga á verkið þeirra.

Má með sanni segja að þessi skjóta velgengi hafi komið stelpunum nokkuð á óvart. Burtséð frá því að vera óvænt með í keppni, þá eru þær nefnilega að keppa við sumar affyrirmyndum sínum. „Þarna er til dæmis hópurinn MainstayPro, sem við höfum verið að fylgjast mikið með og verið að skoða hvernig vinnur. Okkur grunaði ekki að við myndum slást við hann um verðlaunasæti á borð við þetta,“ útskýrir Jana, en til glöggvunar má benda á að MainstayPro hefur niútiú þúsund fylgjenda á YouTube en okkar konur hafa fjögur þúsund og fimm hundruð. Aðspurðar um fyrirmyndir segja stelpurnar að skortur sé á konum í kvikmyndagerð en skuli einhver nefndur í þessu sambandi sé það Tim Burton, hann heilli þær allar. „Ég ætla samt að segja að mér finnst stelpurnar í hópnum mínum vera mínar fyrirmyndir eins og stáðan er núna,“ laumar Elín að og upp-

ÞAÐ HELSTA ÚR SMÍÐJU LIONSGATE

Lionsgate er meðal sjö stærstu og arðbærustu kvikmynda-fyrirtækja heims og framleiðir bæði kvikmyndir og sjónvarpsefni.

Mad Men
Nashville
Anger Management
The Dead Zone
Five Days to Midnight
Weeds
Nurse Jackie
The Twilight Saga
The Hunger Games
The Divergent Series
Saw
The Expendables

sker mikla kátínu meðal samstarfs-kvinnanna.

Hópurinn þarf að bíða þar til á föstudag eftir úrslitum og verða þessar þrjár dagar ef til vill ansi lengi að liða. „Þar sem við getum því miður ekki mætt á verðlaunaafhendinguna, vegna þess að tíminn er of knappur, of dýrt er fyrir okkur að fara og svo erum við náttúrulega í skólanum, þá ætlum við að horfa saman á beint streymi á netinu,“ segir Stefania og bætir við að þær hafi þó búið þannig um hnúta að fulltrúar hópsins verði á staðnum, en það ku vera vinafólk foreldra einnar úr hópnum. En hvað ef þær sigra, líkt og þær sigruðu í netkosningunni? „Við erum ekkert að velta fyrir okkur að vinna, heidurinn sem felst í að komast svona langt er alveg nóg,“ segir Melkorka og hópurinn tekur einróma undir. gudrun@frettabladid.is



Jennifer Lawrence er í miklum metum hjá stelpunum

Ábendingahnappinn má finna á
www.barnaheill.is



S A F T



SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401: Guðstaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjördís Zoëga [hjurdis@365.is](mailto:hjordis@365.is), Sigfús Örn Einarsson sigfus@365.is, Svanhildur Ólöf Þórstéinsdóttir svansi@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÖLK/LÍFIÐ/SÉRBLÓÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, FÖLK OG SÉRBLÓÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is RÁÐAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hranar Helgason hrrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

KFC

HANN
ER KOMINN
AFTUR!

BIG TOWER BORGARI BACON



MMMM
MMMMM
MMMM...
BEIIIIIKON!

BIG BACON

Original kjúklingabringa
beikon, kartöfluskífa,
pipar majónes, tómatsósa,
ostur og iceberg-salat.

1.099 KR.

Big Bacon,
franskar, 3 Hot
Wings, gos og
Prins súkkulaði.

1.899 KR.



**SVOOO
GOTT**



Bakpankar

Mariu Elisabetar
Bragadóttur



Yfirborðslegt spjall

Skiljanlega er ekki til íslenskt orð yfir „small talk“. Það er ekki þáttur í menningunni. Fólk ræðir veðrið en aldrei af léttuð. Enda oft spurning um líf og dauða hvort maður fer fótgangandi í vinnuna. Þegar tvær manneskjur ræða um veðrið sameinast auðmjúkar sálir í vanmætti sínum gagnvart ósigrandi náttúruöflum. Íðulega nýstignar upp úr inflúensu. Þegar Íslendingar ræða um veðrið eru þeir að ræða tilfinningar.

Sjálf á ég þó auðvelt með „small talk“. Minnst hvorki á veðrið né legg á flóttu.

Dansa heimsborgaralegan línudans í mannlegum samskiptum.

Var til dæmis stödd í hönnunarbúð á Laugaveginum. Lífsþreytt afgreiðslukona ræðaði kertastjókum og saug upp í nefið. Spurði hvort ég þyrfti aðstoð. Ég var strax til í létt spjall.

– Já, ætli ég þurfi ekki aðstoð. Verð þunglynd í svona dýrum verslunum. Minnst þess þegar ég var eina stelpan í 7. bekk sem átti ekki iPod og fyllist strax minnimáttarkennd.

– Ehh... Fyrirgefðu?
– Þú þarft ekki að biðjast fyrirgefningar. Það er ekki þér að kenna að ég er lágum launum. Við erum sennilega báðar tvær auralitlar konur sem þó eyða morð fjár í kertastjaka sem er stöðutákn. Þessi stjaki er veldissproti í höndum mínum en þær eru vinnulúnar svo hann er mér í raun bara til... háðungar. Við erum hirðifíl í konungsríki neyslunnar. Hvernig finnur maður ástina í svoleiðis samfélagi?

– Ehh... Þarf að skreppa inn á lager að snýta mér. Þetta veður gerir út af við mann. Alltaf með nefrennsli!

Svo var hún horfin bak við fjall af finnskum tertudiskum. Hún átti erfitt með hversdagslegt hjál eins og flestir samlandar mínir. Svo sem ekkert að því að hún skrúfi aðeins frá krananum og bregði sér frá til að snýta úr sér harminum. Ræða veðrið, ræða tilfinningar.

Hvort tveggja er uppgjör við hjartað.

Opið allan sólarhringinn

í Engihjalla,
Vesturbergi og
Arnarbakka



Iceland

HEILL HELLINGUR
AF NÝJUM ÞÁTTUM
ÁSTÖÐ 3

3 FÁÐU STÖÐ 3
Á BETRA VERÐI
Í HAUST

STÖÐ 3
+ENDALAUST TAL
+1 GB Í GSM
1.990 kr.
til 1. nóvember*

Fáðu þér áskrift
í síma 1817 eða
á 365.is

365



Á TENERIFE ER SVO...
GAMAN SAMAN!

Iberostar Torviscas Playa **** Frá: 111.900 kr. Ferðatímabil: 12.-19. des. 2015. Verð miðað við 2 fullorðna. Innifalið er flug með sköttum, gisting í 7 nætur með morgunverði og 20 kg taska báðar leiðir.	Apartamentos Aguamar *** Frá: 74.300 kr. Ferðatímabil: 28.-5. des. 2015 & 12.-19. janúar 2016. Verð miðað við 4 saman í íbúð. Innifalið er flug með sköttum, gisting í 7 nætur og 20 kg taska báðar leiðir. *Verð á mann frá 89.600 kr. miðað við 2 fullorðna
Iberostar Las Dalias **** Frá: 124.100 kr. Ferðatímabil: 2.-9. feb. 2016. Verð miðað við 2 fullorðna og 2 börn (2-12 ára). Innifalið í verði er flug með sköttum, gisting í 7 nætur með allt innifalið og 20 kg taska báðar leiðir. *Verð á mann frá 136.600 kr. miðað við 2 fullorðna	Dream Villa Tagoro **** Frá: 103.700 kr. Ferðatímabil: 5.-12. des. 2015. Verð á mann miðað við 2 fullorðna og 2 börn (2-12 ára). Innifalið er flug með sköttum, gisting í 7 nætur með allt innifalið og 20 kg taska báðar leiðir. *Verð á mann frá 128.600 kr. miðað við 2 fullorðna

SJÁÐU NÁNAR Á GAMAN.IS

www.gaman.is / gaman@gaman.is / Sími 560 2000

